

# Tilbrigði í íslenskri setningagerð

## II. Helstu niðurstöður Tölfræðilegt yfirlit

*Ritstjórar*  
Höskuldur Þráinsson,  
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

*Aðrir höfundar*  
Ásta Svavarasdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,  
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,  
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,  
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steinþímsdóttir, Tania E. Strahan,  
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
Reykjavík 2015

*Tilbrigði í íslenskri setningagerð II*

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
[www.malvis.hi.is](http://www.malvis.hi.is)

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)  
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND  
<http://haskolautgafan.hi.is/>, [hu@hi.is](mailto:hu@hi.is)

Öll réttindi áskilin.  
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis  
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson  
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir  
Prentun: Litlaprent  
[www.prent.is](http://www.prent.is)

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

### Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

**Ásgrímur Angantýsson**, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands,  
nú lektor við Háskólan á Akureyri: [asgrimur@unak.is](mailto:asgrimur@unak.is)

**Ásta Svavarsdóttir**, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum  
fræðum: [asta@hi.is](mailto:asta@hi.is)

**Einar Freyr Sigurðsson**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands,  
nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: [einarsig@babel.ling.upenn.edu](mailto:einarsig@babel.ling.upenn.edu)

**Eiríkur Rögnvaldsson**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:  
[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)

**Guðrún Þórðardóttir**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:  
[gudrut@ismennt.is](mailto:gudrut@ismennt.is)

**Heimir Freyr Viðarsson**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla  
Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: [hfv3@hi.is](mailto:hfv3@hi.is)

**Hlif Árnadóttir**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:  
[hlifa@hi.is](mailto:hlifa@hi.is)

**Höskuldur Þráinsson**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:  
[hoski@hi.is](mailto:hoski@hi.is)

**Jóhannes Gísli Jónsson**, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:  
[jj@hi.is](mailto:jj@hi.is)

**Matthew J. Whelpton**, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda,  
Háskóla Íslands: [whelpton@hi.is](mailto:whelpton@hi.is)

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands  
(Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefni lauk)

**Sigríður Sigurjónsdóttir**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:  
[siggasig@hi.is](mailto:siggasig@hi.is)

**Sigrún Steinþimsdóttir**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla  
Íslands, nú kennari við Kvennaskólann í Reykjavík: [sigrunst@kvenno.is](mailto:sigrunst@kvenno.is)

**Tania E. Strahan**, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður  
Appen Butler Hill, Sydney: [tania.strahan@gmail.com](mailto:tania.strahan@gmail.com)

**Theódóra A. Torfadóttir**, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla  
Íslands: [tat@hi.is](mailto:tat@hi.is)

**Pórhallur Eyþórsson**, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent,  
Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda, Háskóla Íslands: [tolli@hi.is](mailto:tolli@hi.is)

**Þórunn Blöndal**, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:  
[thorunnb@hi.is](mailto:thorunnb@hi.is)

# Efnisyfirlit

## II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

### Inngangur að II. bindi

Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14

6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	15
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Víxlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal	24
6.4.2 Að búa til súlurit og límurit	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarssdóttir, Þórunn Blöndal)	33
7.1 Athugunarefnin	33
7.1.1 Þágufallshneigð	33
7.1.2 Nefnifallshneigð	34
7.1.3 Andlagsfall	35
7.1.4 Fallglötum og fallflutningur	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 Almennt yfirlit	38
7.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 Tengsl við búsetu	49
7.2.4 Samantekt	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 Almennt yfirlit	52
7.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 Tengsl við búsetu	55
7.3.4 Samantekt	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 Almennt yfirlit	57
7.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 Tengsl við búsetu	65
7.4.4 Samantekt	67

<b>7.5 Fallglötun og fallflutningur</b>	68
<b>7.5.1 Almennt yfirlit</b>	68
<b>7.5.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	69
<b>7.5.2.1 Aldur</b>	69
<b>7.5.2.2 Menntun</b>	70
<b>7.5.2.3 Kyn</b>	71
<b>7.5.3 Tengsl við búsetu</b>	71
<b>7.5.4 Samantekt</b>	72
<b>7.6 Lokaorð</b>	72
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	73
<b>Summary</b>	75
<b>8. Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigíður Sigurjónsdóttir, Hlif Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson)</b>	
<b>8.1 Athugunarefni</b>	77
<b>8.1.0 Imgangur</b>	77
<b>8.1.1 Leppsetningar og skyld dæmi</b>	78
<b>8.1.2 Hefðbundin þolmynd og polmörk hennar</b>	80
<b>8.1.3 Nýja þolmyndin</b>	82
<b>8.2 Leppsetningar og skyld dæmi</b>	84
<b>8.2.1 Almennt yfirlit</b>	84
<b>8.2.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	86
<b>8.2.2.1 Aldur</b>	86
<b>8.2.2.2 Menntun</b>	87
<b>8.2.2.3 Kyn</b>	89
<b>8.2.3 Tengsl við búsetu</b>	90
<b>8.2.4 Samantekt</b>	90
<b>8.3 Hefðbundin þolmynd og polmörk hennar</b>	91
<b>8.3.1 Almennt yfirlit</b>	91
<b>8.3.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	93
<b>8.3.2.1 Aldur</b>	93
<b>8.3.2.2 Menntun</b>	94
<b>8.3.2.3 Kyn</b>	96
<b>8.3.3 Tengsl við búsetu</b>	97
<b>8.3.4 Samantekt</b>	99
<b>8.4 Nýja þolmyndin</b>	99
<b>8.4.1 Almennt yfirlit</b>	99
<b>8.4.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	102
<b>8.4.2.1 Aldur</b>	102
<b>8.4.2.2 Menntun</b>	106
<b>8.4.2.3 Kyn</b>	108
<b>8.4.3 Tengsl við búsetu</b>	110
<b>8.4.4 Samantekt</b>	115
<b>8.5 Lokaorð</b>	116
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	117
<b>Summary</b>	118
<b>9. Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)</b>	
<b>9.1 Athugunarefni</b>	121
<b>9.1.0 Imgangur</b>	121
<b>9.1.1 Vera að i íþróttamáli</b>	123
<b>9.1.2 Útvíkkun frámvinduhorfs</b>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
<b>9.2</b>	<b>Vera að í þróttamáli</b>	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
<b>9.3</b>	<b>Útvíkkun framvinduhorfs</b>	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
<b>9.4</b>	<b>Um vera búinn að og hafa</b>	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
<b>9.5</b>	<b>Lokaorð</b>	151
Rit sem vísað er til í þessum kafla		151
<b>Summary</b>		152
<b>10.</b>	<b>Fornöfn</b> (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
<b>10.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	155
10.1.0	Inngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
<b>10.2</b>	<b>Almennt yfirlit</b>	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
<b>10.3</b>	<b>Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
<b>10.4</b>	<b>Tengsl við búsetu</b>	172
<b>10.5</b>	<b>Lokaorð</b>	173
Rit sem vísað er til í þessum kafla		174
<b>Summary</b>		175
<b>11.</b>	<b>Hættir og tíðir</b> (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
<b>11.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	177
11.1.0	Inngangur	177

<i>11.1.1 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
<i>11.1.2 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
<i>11.1.3 Tíðasamræmi</i>	181
<b>11.2 Almennt yfirlit</b>	182
<i>11.2.1 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
<i>11.2.2 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
<i>11.2.3 Tíðasamræmi</i>	188
<i>11.2.4 Samantekt</i>	189
<b>11.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	190
<i>11.3.1 Aldur</i>	190
<i>11.3.2 Menntun</i>	193
<i>11.3.3 Kyn</i>	195
<i>11.3.4 Samantekt</i>	196
<b>11.4 Tengsl við búsetu</b>	197
<b>11.5 Lokaorð</b>	199
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	199
<b>Summary</b>	200
<b>12. Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)</b>	
<b>12.1 Athugunarefnin</b>	203
<i>12.1.0 Inngangur</i>	203
<i>12.1.1 Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
<i>12.1.2 Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
<i>12.1.3 Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
<i>12.1.4 Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
<b>12.2 Samræmi við nefnifallsandlag</b>	209
<i>12.2.1 Almennt yfirlit</i>	209
<i>12.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
<i>12.2.2.1 Aldur</i>	211
<i>12.2.2.2 Menntun</i>	213
<i>12.2.2.3 Kyn</i>	214
<i>12.2.3 Tengsl við búsetu</i>	215
<i>12.2.4 Samantekt</i>	215
<b>12.3 Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</b>	216
<i>12.3.1 Almennt yfirlit</i>	216
<i>12.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
<i>12.3.2.1 Aldur</i>	218
<i>12.3.2.2 Menntun</i>	218
<i>12.3.2.3 Kyn</i>	219
<i>12.3.3 Tengsl við búsetu</i>	220
<i>12.3.4 Samantekt</i>	220
<b>12.4 Samræmi við hlutaeignarfall</b>	221
<i>12.4.1 Almennt yfirlit</i>	221
<i>12.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
<i>12.4.2.1 Aldur</i>	222
<i>12.4.2.2 Menntun</i>	222
<i>12.4.2.3 Kyn</i>	223
<i>12.4.3 Tengsl við búsetu</i>	223
<i>12.4.4 Samantekt</i>	224

<b>12.5 Samræmismörk</b>	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
<b>12.6 Lokaorð</b>	228
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	229
<b>Summary</b>	230
<b>13. Eignarsambönd</b> (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
<b>13.1 Athugunarefnin</b>	233
13.1.1 <i>Staða eignarfornafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfornafn í tengdum liðum</i>	239
<b>13.2 Staða eignarfornafns og eignarfalls</b>	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
<b>13.3 Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls</b>	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
<b>13.4 Ólafsfjarðareignarfallið</b>	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
<b>13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</b>	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

<b>13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarfornafn í tengdum liðum</b>	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
<b>13.7 Lokaorð</b>	271
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	271
<b>Summary</b>	272
<b>14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða</b> (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
<b>14.1 Athugunarefnin</b>	275
14.1.0 <i>Imgangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppimskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
<b>14.2 Almennt yfirlit</b>	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppimskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
<b>14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
<b>14.4 Tengsl við búsetu</b>	292
<b>14.5 Lokaorð</b>	294
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	295
<b>Summary</b>	296
<b>15. Orðaröð í aukasetningum</b> (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
<b>15.1 Athugunarefnin</b>	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafniháttarsamböndum</i>	303
<b>15.2 Brottfall og innskot tengingar</b>	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
<b>15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</b>	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
<b>15.4</b>	<b>Innskots-að og staða sagnar</b>	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
<b>15.5</b>	<b>S2, S3 og þolfall með nafnhætti</b>	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
<b>15.6</b>	<b>Lokaorð</b>	327
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>		328
<b>Summary</b>		329
<b>16.</b>	<b>Ýmislegt</b> (Höskuldur Þráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
<b>16.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmisatriði tengd fornöfnum og tölurordum</i>	337
<b>16.2</b>	<b>Útkomuumsagnir</b>	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
<b>16.3</b>	<b>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</b>	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
<b>16.4</b>	<b>Ósögð aukafallsfrumlög</b>	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
<b>16.5</b>	<b>Staða agna</b>	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
<b>16.6</b>	<b>Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun</b>	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
<b>16.7</b>	<b>Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluerum</b>	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
<b>16.8</b>	<b>Lokaorð</b>	362
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	363
	<b>Summary</b>	364

## 9. Um *vera að* og *vera búinn að*

Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir

### 9.1 Athugunarefnin

#### 9.1.0 Inngangur

Í þessum kafla verður sagt frá athugun á hjálparsagnasamböndunum *vera að* og *vera búinn að* með nafnhætti og hlutverki þeirra. Notkun þessara sambanda er reyndar önnur í nútínamáli en formmáli eins og kunnugt er. Áður en vikið er að því sem rannsóknin beindist að í Tilbrigðaverkefnið er rétt að minna aðeins á upprunann og eldri notkun.

Í fyrsta lagi virðist sambandið *vera að + nh.* orðið til úr eldri gerð sem hafði tvö *að* (eða *at*) og dæmið í (9.1) er oft nefnt til marks um það:

(9.1) hann var at at hlaða skútuna

(*Brennu-Njáls saga*, bls. 34)

Eins og Hreinn Benediktsson hefur rakið í smáatriðum (2002) virðist formið með *at at* upprunalegt þótt reyndar finnist dæmi með einu *at* (eða *að*) í býsna gömlum handritum. Auk þessa virðist merkingin ekki nákvæmlega sú sama í fornu máli og algengast er í nútínamáli, þótt hún sé svipuð. Það má a.m.k. geta sér þess til að upprunalega merkingin hafi verið ‘hann var við það verk að ...’ þar sem þetta fyrra *að* er þá forsetning sem tekur nafnháttarsambandið með sér, sbr. forn dæmi á borð við *hann var at skálasmiði hjá Skítu* (Hreinn Benediktsson 2002:464) og líka *var þar at kona nokkur at binda sár manna* (sama rit bls. 453). Forsetninguna *að* má enn nota á þennan hátt og segja t.d. *Þeir voru að því verki*. Í nútínamáli hefur *vera að* aftur á móti meiri framvindumerkingu (sjá t.d. 18. kafla og rit sem þar er vísað til, sbr. líka Gunnar Gunnarsson 2010, Helga Skúla Kjartansson 2008 og Kristínu M. Jóhannsdóttur 2011).

Í öðru lagi merkir *vera búinn að* ekki það sama í fornu máli og í nútínamáli. Þetta má skyra með formmálsdæmi:

(9.2) hvártveggju váru búnir at berjask

(*Ljósvetninga saga*, bls. 91)

Þeir sem eru kunnugir fornum textum vita að þetta dæmi hlýtur að merkja ‘voru tilbúnir til að berjast, voru þess albúnir að berjast’, enda er það líka ljóst af samhenginu í þessu tilviki. Orðasambandið hefur ekki nútínamálsmerkinguna ‘hafa lokið við að ...’ fyrr en í yngri textum.<sup>1</sup>

Ástæðan fyrir því að þessi orðasambond voru tekin með í Tilbrigðaverkefnið var þó ekki þessi alþekkta breyting frá formmáli til nútínamáls heldur vísbindingar um að notkun sambandanna kynni að vera að breytast um þessar mundir, einkum notkun *vera að*. Til þessa hefur verið dæmigerðast að nota *vera að* með sögnum sem tákna einhvers konar verknað sem getur haft framvindu, t.d. *skrifa (skáldsögu)*, og sambandið gengur því yfirleitt ekki með sögnum sem tákna ástand (t.d. *eiga heima* e-s staðar, sjá t.d. Van

<sup>1</sup> Mörður Árnason rannsakaði þróun orðasambandsins í BA-ritgerð sinni (1977) og elsta óyggjandi dæmið sem hann fann um þá merkingu sem nú er oft kennd við *lokið horf* (e. *perfect*) var í 25. passiusálmí Hallgrims Péturssonar frá 17. öld: „fyrir blóð lambsins bliða/búinn er nú að striða/og sælan sigur vann“. Þess má svo geta til gamans að upprunalega merkingin er varðveitt í orðasambandinu *vera búgvín at* í færeysku.

Valin 1991, Theódóru Torfadóttur 2004, Kristínu M. Jóhannsdóttur 2011 og rit sem þar er vísað til):

- (9.3) a. Andri er að skrifa skáldsögu.  
b. \*Ólafur er að eiga heima á Bessastöðum.

Ef við viljum láta í ljós þá skoðun að Andri sé góður rithöfundur, þ.e. skrifí vel í þeim skilningi, er á sama hátt eðlilegt að gera það með einfaldri nútíð af sögninni en óeðlilegt að nota *vera að* í því sambandi, enda má segja að þá sé verið að lýsa einhvers konar ástandi eða stöðu mála (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:488 o.áfr. og rit sem þar er vísað til, sbr. líka 18. kafla þessa ríts):

- (9.4) a. Andri skrifar vel.  
b. \*Andri er að skrifa vel.

Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið að einhverjum í hóp lesenda þyki síðara dæmið tækt í merkingunni ‘Andri skrifar vel um þessar mundir’ og rannsóknin á notkun þessa orðasambands í Tilbrigðaverkefninu beindist einmitt að því að skoða hverjir gætu sætt sig við notkun af því tagi og hvort það væri t.d. kynslóðabundið. Margir höfðu nefnilega tekið eftir einhverju svipuðu í íþróttamáli og talið slíka notkun fara vaxandi þar (sjá líka BA-ritgerð Þóreyjar Selmu Sverrisdóttur 2001):

- (9.5) Við vorum ekki að spila vel.

Auk þessa höfðu ýmsir tekið eftir notkun sagnasambanda með *vera að* á borð við þetta:

- (9.6) Ég er bara ekki að skilja þetta.

Hér er *vera að* notað með ástandssögninni *skilja* og fram að þessu hefur verið talið að *vera að* gengi einmitt ekki með slíkum sögnum, eins og áður var nefnt. Þótt mörgum komi dæmi af þessu tagi spánskt fyrir sjónir (og eyru) vildum við líka kanna hverjum þættu þau eðlileg og reyna þá um leið að grafast fyrir um hvað þau merktu í máli þeirra og hvaða mörk væru þá á notkun *vera að* með ólíkum merkingarflokkum sagna. Það er reyndar oft býsna mjótt á mununum milli þess sem líklega má telja hefðabundið og þess sem er nýtt og liklegt að tilfinning málnotenda sé nokkuð breytileg að því leyti (sjá t.d. umræðu og dæmi hjá Helga Skúla Kjartanssyni 2008).

Loks höfðum við grun um að notkun *vera búinn að* kynni að vera að breiðast út til notkunarsviða þar sem lokið horf (eða náliðin tíð, e. *perfect*) með *hafa* hefði áður þótt eðlilegra. Munurinn á notkun hjálparsagnasambanda með *hafa* og *vera búinn að* er að vísu býsna flókinn (sjá t.d. umræðu hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni 1992 og Idu Larsson 2008) og ekki þægilegt að rannsaka hann með skriflegum könnunum. Þess vegna fórum við ekki langt út í þá sálma. Það er hins vegar vitað að útlendingar hafa tilhneigingu til að alhæfa *vera búinn að* á kostnað *hafa* þegar þeir eru að læra íslensku (sjá t.d. Alexander Andrason 2008). Þótt fairr Íslendingar séu líklegir til að sætta sig við setningar á borð við (9.7a) finnst áreiðanlega mörgum (9.7c) alveg í lagi en einhverjum kann þó að þykja (9.7d) betri og það vildum við kanna m.a.:

- (9.7) a. \*Ég er aldrei búinn að búa í Kína.  
b. Ég hef aldrei búið í Kína.

- c. Það er búið að rigna í þrjá daga.
- d. Það hefur rignit í þrjá daga.

Vegna þess að notkun *vera að* með nafnhætti og *vera búinn að* með nafnhætti er oft tengd hugtakinu **horf** (e. aspect), og þá rætt um **framvinduhorf** (e. progressive aspect, eða *dvalarhorf* eða *sifellt horf*) annars vegar en **lokið horf** (e. perfect, perfective aspect) hins vegar, er fjallað um þessi orðasambönd í sama kaflanum (sjá líka umræðu um *vera að* hjá Theódóru Torfadóttur 2004 og í 18. kafla hér á eftir, sbr. einnig Jón G. Friðjónsson 1989, Höskuld Þráinsson 1999, 2001, 2005:486–498, Jón Axel Harðarson 2000, Baldur Sigurðsson 2003, Ingibjörgu Frímannsdóttur 2005, Gunnar Gunnarsson 2010 og Kristínú M. Jóhannsdóttur 2011).

#### 9.1.1 Vera að í íþróttamáli

Í (9.8) eru sýndar dæmasetningar sem þátttakendur voru látnir meta og fela í sér notkun svipaða þeiri sem áður var kennd við **íþróttamál** (stundum hefur orðið *handboltahorf* verið notað um notkun af þessu tagi). Sum dæmin eru þó með einfaldri tið og án *vera að* til þess að fá samanburð:

- (9.8) a. T1056 *Framrarar hafa verið óheppnir á tímabilinu.*  
Þeir sem voru að skora í fyrra eru allir meiddir.
- b. T1062 *Stefán var heppinn að fá ekki rauða spjaldið.*  
Hann var sifellt að brjóta á Jóni í seinni hálfleik.
- c. T1072 *Skiðastökkíð á Ólympiuleikunum gekk vel.*  
Keppendur voru flestir að stökkva yfir 90 metra.
- d. T1077 *Áhorfendur voru ósáttir við dómgæsluna í leiknum.*  
Dómararnir voru að dæma allt of fáar aukaspurnur.
- e. T1080 *Petta er versti árangur Arnars til pessa.*  
Hann var bara að skora eitt mark á síðasta ári.
- f. T1111 *Liðið hefur staðið sig illa í vetur.*  
Þeir sem skoruðu mest á síðasta ári eru hættir.
- g. T1119 *Petta var harður leikur og Öli var rekinn út af.*  
Hann var að brjóta á Gylfa á 30. mínuðu.
- h. T1124 *Gunnar var dæmdur í leikbann eftir síðasta leik.*  
Hann braut endurtekið á hornamanninum.
- i. T3032 *Það var óheppni að stelpurnar skyldu tapa í gær.*  
Þær voru að leika mjög vel allan tímann.
- j. T3044 *Strákarnir stóðu sig ágætlega í leiknum.*  
Þeir voru að spila fina vörn.
- k. T3055 *Landsliðunum hefur gengið misjafnlega undanfarið.*  
Konurnar eru þó að standa sig mjög vel.

Eins og sjá má eru þessi dæmi af býsna misjöfnum toga. Í sumum tilvikum eru aðalsagnirnar sem standa með *vera að* þeirrar merkingar að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að nota *vera að* með þeim. Það á t.d. við sagnir eins og *spila* og *leika* sem auðveldlega geta gengið með *vera að* í hinni hefðbundnu framvindumerkingu (sbr. *Akurnesingar voru að spila/leika við KR þegar Sveinn meiddist*). Í dæmasetningunum hér á undan fylgir hins vegar einhvers konar mat á frammistöðunni (*leika vel*, *spila fina vörn*) og í því er hin meinta nýjung íþróttamálsins fölgin, eins og áður er bent á (sbr. umræðuna í kringum (9.4)). Í öðrum tilvikum er orðið stutt yfir í ástandsmerkingu (sbr.

*standa sig*), en *vera að* gengur yfirleitt ekki með ástandssögnum (sjá umræðu tengda (9.3)). Þá er spurningin hvort íþróttamálið hefur rutt brautina fyrir notkun *vera að* með slikum sögnum, þ.e. útvíkkun á notkunarsviði orðasambandsins.

### 9.1.2 Útvíkkun framvinduhorfs

Dæmasetningar sem virðast innihalda ástandssagnir eru sýndar í (9.9):

- (9.9) a. T1007 *Hlustaðu ekki á Halla.*  
Hann er **bara** að vera kjánalegur.  
b. T1013 *Guðmundur er að hugsa um að leita sér að nýrri vinnu.*  
Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.  
c. T1017 *Kristinn er búinn að vera í einkatínum upp á síðkastið.*  
Hann er **vonandi** að skilja þýskuna betur núna.  
d. T1026 *Aron kann engin erlend mál.*  
Hann er ekki **einu** sinni að skilja ensku.  
e. T1035 *Jón hefur átt í erfiðleikum með námið.*  
Hann er **bara** ekki að skilja stærðfræðina.  
f. T1037 *Ásgeiri hefur gengið illa með lærðóminn í vetur.*  
Hann er ekki að kunna neitt í efnafraðinni.  
g. T1045 *Biggi fær ekki ibúðina fyrir en eftir þrjá mánuði.*  
Hann er að **búa** hjá mömmu sinni og pabba þangað til.  
h. T1065 *Unnur segir að draugar séu ekki til.*  
Villi er **samt** að trúá drauga.  
i. T1075 *Nönnu finnst leiðinlegt í Frakklandi.*  
Hún skilur ekki neitt í frönskunni.  
j. T1084 *Ég þarf smávegis aðstoð fyrir næsta enskupróf.*  
Ert þú að kunna eitthvað í ensku?  
k. T1089 *Það var svakalega gaman á ballinu.*  
Fólk var **bara** ekki að vilja fara heim.  
l. T1105 *Stína og Gummi eru löngu hætt saman.*  
Hann er **samt** enn að elска hana.  
m. T1108 *Filippa er ekki búin að vera á Íslandi nema í tvö ár.*  
Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.  
n. T1116 *Pabbi hennar Hildar er alveg hrikalega strangur.*  
Hún er ekki **einu** sinni að mega fara út á kvöldin.  
o. T1123 *Sigrún hefur aldrei átt bil.*  
Hún kann ekki einu sinni að keyra.  
p. T3017 *Gunna er komin.*  
Hún er að **standa** þarna við hliðina á Jóni.  
q. T3067 *Sigrún er ein af okkar fremstu hljóðfæraleikurum.*  
Hún er að leika ótrúlega vel á fiðlu.  
r. T3106 *John flutti hingað fyrir hálfu ári.*  
Hann er að skilja íslensku ágætlega.

Í einhverjum þessara dæma má þó ætla að merking orðasambandsins vísi fremur til breytingar en ástands. Það gæti t.d. átt við (9.9e), sem myndi þá merkja ‘Hann nær stærðfræðinni bara ekki’. Með þetta í huga voru líka könnuð viðbrögð við nokkrum dæmum með ótvíraðum breytingar- eða hreyfingarsögnum. Þau eru sýnd í (9.10):

- (9.10) a. T1003 *Það er furðulegt með þessa stjórnmálamenn.*  
**Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.**
- b. T1010 *Kennarinn fer alltof hratt yfir dæmin.*  
**Krakkarnir eru bara ekki að ná þessu.**
- c. T1050 *Íbúarnir hafa lengi barist fyrir bættri þjónustu.*  
**Fólk er að átta sig á að það er vonlaust.**
- d. T1060 *Börnin eiga að vita að það má ekki krota á veggi.*  
**Þau eru vonandi að ná þessu núna.**
- e. T1086 *Jón sneri á sér ökkunn um daginn.*  
**Hann var að ganga upp stigann heima hjá sér.**

Dæmi með *bara*, eins og (9.10a) en líka (9.9e) og fleiri, voru gerð eftir setningum sem við töldum okkur oft hafa heyrt, en þau fengu lakari dóma í fyrstu atrennu en við höfðum búist við. Af athugasemdum sem þáttakendur gerðu mátti ráða að atviksordið *bara* ætti sök á þessu, en við höfðum einmitt haft það með til þess að gera dæmin eðlilegri. Til þess að svo megi verða þarf áhersla og tónfall hins vegar að vera af tiltekinni gerð, líkt og sýnt er hér til dæmis:

- (9.11) Hann ER bara ekki að SKILja STÆRÐfræðina.

Meginatriðið hér er að hafa áherslu á *vera* og ekki á *bara*. Til að prófa þetta voru nokkur dæmi af þessu tagi höfð með á diskinum sem var leikinn fyrir þáttakendur í síðustu yfirlitskönnuninni. Þau eru sýnd í (9.12) (L hér og annars staðar auðkennir þau dæmi sem voru leikin af diskí, eins og áður var nefnt):

- (9.12) a. L3.10 *Jón hefur átt í miklum erfiðleikum með námið.*  
**Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.** (sbr. (9.9e))
- b. L3.15 *Taktu ekki mark á Hallgrími.*  
**Hann er bara að vera kjánalegur.** (sbr. (9.9a))
- c. L3.18 *Það er furðulegt með þessa stjórnmálamenn.*  
**Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.** (sbr. (9.10a))
- d. L3.27 *Gunnar kann engin erlend mál.*  
**Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.** (sbr. (9.9d))

Eins og sýnt verður hér á eftir hafði þetta talsverð áhrif á matið á setningunum í sumum tilvikum (sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni o.fl. 2013).

Í fjórða lagi grunaði okkur að útvíkkun á *vera að* fælist m.a. í notkun sambandsins til að tjá endurtekningu eða vana. Dæmi sem könnuðu þetta eru sýnd í (9.13):

- (9.13) a. T1022 *Það eru margir orðnir breyttir á skammdeginu.*  
**Fólk er að fara mikið til útlanda þessa dagana.**
- b. T1041 *Sunna ákvað að selja bílinn og fá sér hjól.*  
**Hún var að borga 20 þúsund í tryggingar á mánuði.**
- c. T1053 *Kannanir sýna að Íslendingar ferðast mikið.*  
**Fólk er að fara til útlanda minnst tvisvar á ári.**
- d. T1069 *Jóhann er loksins kominn í ódýrara húsnæði.*  
**Hann borgaði 100 þúsund í leigu í gömlu íbúðinni.**
- e. T1125 *Það eru margar góðar leiksýningar í gangi.*  
**Fólk fer heilmikið í leikhús þessa dagana.**

Eins og áður er einföld tíð án *vera að* höfð til samanburðar.

Í fimmtra lagi könnuðum við notkun *vera að* með veðurfarssögnum. Sá sagnaflokkur gengur auðveldlega í framvinduhorfi (e. *progressive aspect*) í ensku (*be + lh.nt.*) en síður í íslensku (sbr. *It is raining annars vegar og Það er að rigna hins vegar*). Þar sem notkun *vera að* + nh. virðist vera að breytast í íslensku vildum við skoða hvort hér mætti greina merki breytinga. Dæmin eru sýnd í (9.14):

- (9.14) a. T1030 *Úrkoman er misjöfn eftir mánuðum.*  
Það er að rigna mest í október.  
b. T1047 *Það var rigning alla síðustu viku.*  
Það er ennþá að rigna.  
c. T1095 *Það er búið að rigna í allan dag.*  
Það rignir ennþá.

Þar með eru taldir þeir sagnaflokkar sem *vera að* var prófað með.

#### 9.1.3 Vera búinn að og hafa

Síðasta atriðið í þessum könnunum sem tengist horfi á einhvern hátt er notkun *vera búinn að* annars vegar og *hafa* hins vegar. Dæmin sem voru könnuð eru sýnd í (9.15):

- (9.15) a. T1015 *Bækurnar um Harry Potter eru ofsalega vinsælar.*  
Það hafa víst margir krakkar lesið þær allar.  
b. T1018 *Veðrið er ótrúlega leiðinlegt.*  
Núna er búið að snjóá í þrjá daga.  
c. TK3.9 *Jonni talar fjölmörg tungumál.*  
Hann er líka búinn að eiga/hefur líka átt heima  
í mörgum löndum.  
d. TK3.6 *Nú hlýtur að vera komið skíðasæri.*  
Það er búið að snjóá/Það hefur snjóað í marga daga.

Eins og hér má sjá var þetta mjög takmörkuð könnun, enda er oft erfitt að skilgreina merkingarmuninn á því að nota *vera búinn að* og *hafa* og því hentar ekki vel að skoða þetta í skriflegri könnun þar sem þátttakendur eru beðnir að meta hvort setningar séu eðlilegar eða ekki. Skammstöfunin TK í síðustu dæmunum merkir að þar voru þátttakendur beðnir að velja á milli tveggja kosta (sjá umræðu í kafla 2.2.2) og dæmin voru valin með hliðsjón af því að við töldum að í setningum af þessu tagi væri hjálparsagnasambandi *vera búinn að* e.t.v. í sókn.

Að loknu þessu yfirliti yfir viðfangsefnin verður nú gerð grein fyrir helstu niðurstöðum um hvern þátt og byrjað á þeirri notkun sem yfirleitt er kennd við íþróttamál, með réttu eða röngu.

## 9.2 *Vera að* í íþróttamáli

### 9.2.1 Almennt yfirlit

Áður en mat þátttakenda á dænum úr íþróttamáli er skoðað er forvitnilegt að skoða hvernig dæmigerðar setningar með *vera að* voru metnar. Þetta voru eftirfarandi dæmi:

- (9.16) a. T1100 *Kristín er mjög spennt.*  
Hún er að lesa svo skemmtilega bók.

- b. T1063 *Það er allt á öðrum endanum heima.*  
*Það er verið að mála húsið.*

Dómar þáttakenda um þessar setningar eru sýndir í töflu 9.1:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1100	Hún er að lesa svo skemmtilega bók.	94,8	3,7	1,6	100	767
b. T1063	Það er verið að mála húsið.	93,6	3,4	3,0	100	769

Tafla 9.1: Mat á dæmigerðum setningum með vera að. Prósentutölur.

Hér sést að nánast allir þáttakendur samþykkja setningar með vera að, jafnvel ópersónulega þolmynd eins og b-dæmið. Það er ágætt að hafa þetta til hliðsjónar þegar mat á óvenjulegri dæmum með vera að er skoðað.

Í töflu 9.2 er gefið yfirlit yfir það hvernig dæmin úr íþróttamálinu voru metin (sbr. (9.8) hér framar):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1056	Þeir sem voru að skora í fyrra eru allir meiddir.	62,5	19,6	17,8	100	769
b. T1111	Þeir sem skoruðu mest á síðasta ári eru hættir.	89,2	6,3	4,6	100	765
c. T1062	Hann var sífellt að brjóta á Jóni í seinni hálfleik.	85,4	8,3	6,2	100	769
d. T1124	Hann braut endurtekið á hormanninum.	59,7	20,4	20,0	100	761
e. T1072	Keppendur voru flestir að stökkva yfir 90 metra.	81,9	10,5	7,6	100	768
f. T1077	Dómaramir voru að dæma allt of faar aukaspýrnur.	61,0	20,2	18,8	100	767
g. T3032	Þær voru að leika mjög vel allan timann.	77,2	11,3	11,5	100	707
h. T3044	Þeir voru að spila fina vörn.	84,1	9,3	6,6	100	712
i. T3055	Konurnar eru þó að standa sig mjög vel.	85,1	9,2	5,8	100	710
j. T1080	Hann var bara að skora eitt mark á síðasta ári.	26,3	22,1	51,6	100	769
k. T1119	Hann var að brjóta á Gylfa á 30. mínuðu.	23,1	22,7	54,1	100	765

Tafla 9.2: Mat á setningum úr íþróttamáli, með og án vera að.

Með fyrstu tveim dæmapörum var ætlunin að skoða hvort fram kæmi skýr munur á mati á vera að annars vegar og einfaldri þátið af sömu sögn í þessu samhengi. Þar er niðurstaðan ekki skýr. Einfalda þátiðin í b-dæminu fær betri dóma en sama sögn með vera að í a-dæminu. Í dæmum c og d snýst þetta hins vegar við, þ.e. dæmið með vera að fær betri dóma. Það er því litið hægt að byggja á þessu, enda voru dæmin eftir á að hyggja kannski ekki nægilega sambærileg. Í a-dæminu hefði orðið mest þurft að vera með til þess að það yrði alveg hliðstætt við b-dæmið. Þetta kann að valda því að næstum 20% þáttakenda þykir dæmi vafasamt. Athugasemdir þáttakenda við d-dæmið skýra svo að verulegu leyti af hverju það fékk ekki betri dóma en raun ber vitni og af hverju fimm tungur þáttakenda telur það vafasamt. Athugasemdirnar varða flestar orðið endurtekið og sumir taka sérstaklega fram að þeir myndu ekki nota orðið endurtekið í þessu sambandi heldur frekar til dæmis oft, aftur, ítrekað eða hvað eftir

annað. Aðrir gera athugasemdir við orðið *hornamaður* og vilja annaðhvort hafa orðið *hornmanninum* eða þá að þeir segjast ekki vita hvað *hornamaður* er. Ástæðan er væntanlega sú að í mörgum af íþróttadæmunum sem fóru á undan var greinilega verið að ræða um knattspyrnu og í þeiri grein eru engir *horn(a)menn* þótt þeir séu í handbolta. Þetta sýnir að það er margs að gæta þegar saman eru dæmi fyrir kannanir af þessu tagi.

Almennt er niðurstaðan hins vegar sú að meirihluti þáttakenda telur flestar setningarnar með *vera að* eðlilegt mál þótt þær fái allar eins ótvírætt jákvæðar viðtökur og dæmin í *töflu 9.1*. Í flestum tilvikum vísa setningarnar úr íþróttamálunum til einhvers sem spannar tiltekinn tíma og stundum er tímabilið tilgreint í setningunni sjálfri (*i fyrra, i seinni hálfleik, allan timann ...*) eða þá að svo var gert í samhengissetningunni (*i leiknum, undanfarið*). Í dænum *j* og *k* er *slik* tímabilstulkun hins vegar útilokuð enda skera þau sig úr að því leyti að miklu færri samþykka þau. Í fyrra tilvikinu er verið að ræða um „eitt mark“ og það getur ekki tekið neinn tíma í sjálfu sér að skora það, en í því síðara er tilgreindur ákveðinn tímapunktur, þ.e. þritugasta mínútan, og þar með er „tímabilstulkunin“ útilokuð.

Í *töflu 9.2* vekur *i-dæmið* kannski sérstaka athygli af því að sögnum *standa sig* gæti virst merkingarskyld ástandssögnum en rúm 85% þáttakenda töldu þetta þó eðlilega setningu. Orðið *undanfarið* í samhengissetningunni sýnir líka ótvírætt að setningin er túkuð eins og hún eigi við tiltekið tímabil þótt það sé ekki skýrt afmarkað. Í kafla 9.3 verður svo gefið yfirlit yfir mat á þeim dæmasetningum sem innihéldu sagnir sem ætla mætti að hefðu skýrari ástandsmerkingu. Þar munum við sjá að þess háttar sagnir ganga oft helst með *vera að* ef hægt er að túlka þær þannig að þær vísi ekki til viðvarandi ástands. Áður en að því kemur skulum við þó skoða hvort mat á setningum með *vera að* í íþróttamáli er eitthvað tengt aldri eða öðrum félagslegum breytum.

### 9.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 9.2.2.1 Aldur

Hlutfall (prósentutala) þeirra sem taldi íþróttamálssetningarnar með *vera að* eðlilegt mál er sýnt í *töflu 9.3*, ásamt stuðli (*Spearman's rho*) sem sýnir fylgnina við aldur og *p*-gildi sem visar til þess hvort fylgni matsins við aldur (þ.e. hvort svarað er já (= 1), ? (= 2) eða nei (= 3)) er marktæk eða ekki.<sup>2</sup>

<sup>2</sup> Eins og rakið er í 6. kafla var tölvuvinnslu á gögnunum hagað þannig að „einkunin“ 1 var gefin fyrir samþykki á setningu, 2 ef hún var talin vafasöm og 3 ef hún var talin ótæk. Þar kom líka fram að oft er sagt að gildið 0,1 á fylgnistuðli sýni að fylgnin sé veik (hún skýrir þá 1% af breytileikanum), fylgni sem nær 0,3 sé **meðalsterk** (skýrir 9% af breytileikanum) og fylgni sem nær 0,5 sé **sterk** (skýrir 25% af breytileikanum). Veik fylgni getur hins vegar verið tölfræðilega marktæk ef þáttakendafoldi er mikill eins og var í Tilbrigðarannsókninni. Tölfræðingar lita jafnan svo á að sé *p*-gildið lægra en 0,05 sé fylgnin tölfræðilega marktæk (þá eru minna en 5% likur til þess að hún sé tilviljun) og sé *p*-gildið minna en 0,01 sé fylgnin mjög vel marktæk (minna en 1% likur til þess að um tilviljun sé að ræða). Hér eru *p*-gildi feitletruð séu þau lægri en 0,01 og fylgnitölur ef þær ná 0,3.

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1056	Þeir sem voru að skora í fyrra eru allir meiddir.	60,1	69,2	62,0	58,5	.023	.521
b. T1062	Hann var sifellt að brjóta á Jóni i seinni hálfleik.	76,8	85,4	93,8	86,4	-.127	.000
c. T1072	Keppendur voru flestir að stökkva yfir 90 metra.	82,8	85,8	83,9	74,3	.082	.023
d. T1077	Dómararnir voru að dæma allt of fáar aukaspýrnur.	66,7	68,5	59,5	47,7	.157	.000
e. T3032	Þær voru að leika mjög vel allan tímann.	70,5	80,8	85,1	73,5	-.040	.287
f. T3044	Þeir voru að spila fina vörn.	83,6	90,4	88,1	73,9	.079	.034
g. T3055	Konurnar eru þó að standa sig mjög vel.	84,5	93,9	88,1	73,0	.111	.003
h. T1080	Hann var bara að skora eitt mark á síðasta ári.	28,4	18,8	22,5	36,2	-.085	.018
i. T1119	Hann var að brjóta á Gylfa á 30. minútum.	32,7	11,6	17,9	30,8	.008	.832


Tafla 9.3: Jákvætt mat á íþróttamálsdæmum, flokkað eftir aldurshópum.

Ef litið er fyrst á prósentutölurnar sést strax að þar er alls ekki reglubundin línumleg fylgni við aldur. Hæstu hlutfallstölurnar fyrir hverja setningu eru feitletraðar eins og í fyrri köflum og við sjáum að það er aðeins í einu tilviki sem setning fær jákvæðastar viðtökur hjá yngstu kynslóðinni, fimm tilvikum hjá þeirri næstyngstu, tveim hjá þeirri næstelstu og einu hjá þeirri elstu. Þetta er greinilega ekki mjög reglulegt mynstur og það endurspeglast í fylgnistuðlinum (*r*). Fylgni við aldur mælist yfirleitt mjög lítil og það er aðeins í þremur tilvikum sem fylgnistuðullinn er hæri en 0,1 (eða lægri en -0,1) og hann nær hvergi 0,3. Við sjáum lika að hann er ýmist jákvæður (það er þegar setning fær að jafnaði jákvæðari dóma hjá yngri kynslóðinni) eða neikvæður (þá eru það frekar þeir eldri sem samþykkja setningarnar).

Því hefur stundum verið haldið fram að notkun *vera að* sé að breytast í þá átt að ungt fólk noti þetta orðasamband „í tíma og ótíma“, jafnvel til þess að losna við að beygja aðrar sagnir en *vera*. Ef svo væri, mætti búast við því að það væru marktæk tengsl milli aldurs og jákvæðs mats á setningum með *vera að*, einkum þeim sem fæstir samþykkja. Eins og sjá má með samanburði við *töflu 9.2* eru það þau dæmi sem eru merkt með *h* og *i* í *töflu 9.3* (*j* og *k* í *töflu 9.2*). Hér sést hins vegar að það er mjög lítil fylgni við aldur í mati á þessum dæmum (fylgnistuðlarnir eru -0,085 og 0,008) og þótt fylgnin við aldur sé reyndar marktæk við  $p \leq 0,05$  markið (*p*-gildið er 0,018) fyrir *h*-setninguna er hún neikvæð, sem þýðir í þessu tilviki að það voru frekar þeir eldri en þeir yngri sem samþykktu setninguna. Þessi niðurstaða styður því ekki þá tilgátu að notkun *vera að* í íþróttamáli stafi af því að ungt fólk noti *vera að* með hvaða sögn sem er og nýti sér þessa formgerð til þess að losna við að beygja sagnir.

Líklega má segja að *e*, *f* og *g* í *töflu 9.3* séu dæmigerðustu íþróttamálssetningarnar. Þar er í öllum tilvikum lagt mat á þann verknað sem um er að ræða (*leika mjög vel*, *spila fina vörn*, *standa sig mjög vel*) og það virðist ekki síst vera notkun af þessu tagi sem hefur vakið athygli þeirra sem hafa gert athugasemdir við aukna notkun *vera að* í íslensku (sjá t.d. pistla Jóns G. Friðjónssonar 2003–2008, Íslenskt mál, í *Morgunblaðinu*, svo sem 6. pistil 12. júlí 2003 og marga síðari pistla, eins og finna má með leitarvélinni Kvisti á slóðinni *málfraði.is*; sbr. líka Þóreyju Selmu Sverrisdóttur

2001 og Höskuld Þráinsson 2005:496).<sup>3</sup> Eins og sést í *töflu 9.3* er lítil fylgni milli mats á þessum setningum og aldurs þáttakenda — þó reyndar mest þegar g-dæmið á í hlut og sú fylgni er tölfræðilega marktæk (jákvædir dómar liklegri hjá yngri aldurshópunum þótt ekki sé um skyra línulega fylgni að ræða). En ef þessar þrjár dæmigerðustu íþróttamálsetningar eru teknað saman og reiknuð „meðaleinkunn“ fyrir aldurshópana fyrir þær, kemur í ljós að fylgni við aldur er nánast engin ( $r = -0,053$ ) og alls ekki marktæk ( $p = 0,161$ ). Dreifing þessara meðaleinkunna sést vel á *mynd 9.1*.<sup>4</sup>



*Mynd 9.1: Meðaleinkunn í dæmigerðu íþróttamáli (setningar T3032, T3044 og T3055, þ.e. e, f, g í töflu 9.3).*

Á *mynd 9.1* sést að sáralítill munur er á mati aldurshópanna þegar þessar þrjár íþróttamálsetningar eru teknað saman. Eins og fram kom í *töflu 9.3* fá þær almennt jákvæða dóma hjá öllum aldurshópum og þótt meðaleinkunni sé aðeins lægri hjá elsta aldurshópnum en hinum þrem er hún hærri hjá miðhópunum en þeim yngsta. Þess vegna verður fylgni við aldur sáralítil og ekki marktæk. Það sýnir að ef þetta dæmigerða íþróttamál er nýjung, eins og oftast er talið (sjá líka rannsókn Þóreyjar Selmu 2001), hefur það breiðst út til allra aldurshópa.

#### 9.2.2.2 Menntun

Eins og sjá má af *töflu 9.4* eru ekki regluleg tengsl á milli mats á þessum íþróttamálsdæmum og menntunar þáttakenda ef litið er á öll dæmin. Yngsta

<sup>3</sup> Reyndar virðist sumt af athugasemdunum við *vera að* í dæmum af þessu tagi byggt á misskilningi. Eins og Jón G. Friðjónsson hefur oft bent á (t.d. 1989:110) er nauðsynlegt að sá verknaður sem framvinduhorfið visar til „sé bundinn við einhvern ákveðinn tíma“. Þess vegna er ekki hægt að segja *\*Hin er að skrifa vel* ef átt er við að viðkomandi skrifí almennt vel, hafi góða rithönd eða eitthvað slíkt. Viðtolin í Tilbrigðaverkefni staðfestu þetta. En í íþróttamálsdæmunum vísa setningarnar með *vera að* einmitt til ákveðins tíma (ákveðins leiks eða leikhluta, ákveðins timabils) og þess vegna er ekki hægt að alhæfa og segja að *vera að* sé ekki notað með atviksordum eins og *vel eða illa*.

<sup>4</sup> Á súluritinu hefur einkunum fyrir *já* og *nei* verið snúið við eins og áður þannig að hæsta meðaleinkunni þýðir jákvæðasta dóma. Meðaleinkunni 3 myndi þá merkja að allir i hópnum hefðu samþykkt öll dæmin sem eru til umræðu en meðaleinkunni 1 að allir hefðu hafnað þeim.

aldurshópnum er sleppt hér þar sem hann hefur ekki átt kost á neinni menntun eftir grunnskóla:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1056	Þeir sem voru að skora í fyrra eru allir meiddir.	63,0	61,8	65,8	-.002	.954
b. T1062	Hann var sifellt að brjóta á Jóni í seinni hálfleik.	86,7	88,0	93,4	-.060	.165
c. T1072	Keppendur voru flestir að stökkva yfir 90 metra.	86,3	80,6	72,4	.110	.010
d. T1077	Dómararnir voru að dæma allt of fáar aukaspýrnur.	62,0	59,1	49,3	.076	.079
e. T3032	Þær voru að leika mjög vel allan timann.	83,7	80,3	71,8	.103	.042
f. T3044	Þeir voru að spila fina vörn.	87,6	85,1	75,6	.102	.042
g. T3055	Konurnar eru þó að standa sig mjög vel.	89,5	88,4	75,6	.118	.018
h. T1080	Hann var bara að skora eitt mark á síðasta ári.	38,3	17,7	17,1	.211	.000
i. T1119	Hann var að brjóta á Gylfa á 30. mínútu.	24,9	17,0	6,8	.122	.005

Tafla 9.4: *Jákvætt mat á íþróttamálsdæmum, flokkað eftir menntun.*

Hér eru hæstu hlutfallstölurnar feitletraðar eins og áður og sömuleiðis *p*-gildið ef það er lægra en 0,01. Nokkur atriði vekja athygli. Í fyrsta lagi er fylgni við menntun fremur lítil og fylgnistuðullinn nær aðeins í einu tilviki yfir .200. Hún er þó oftast á sama veg, þ.e. þannig að setningarnar fá besta dóma hjá þeim sem hafa minnsta menntun. Í þriðja lagi er fylgni við menntun sterkust þegar í hlut eiga þær setningar sem fengu neikvæðasta dóma, þ.e. dæmi *h* og *i*. Þótt minnihluti þeirra sem höfðu minnsta menntun teldi þetta tækur setningar var það samt herra hlutfall en hjá þeim sem meiri menntun höfðu og sá munur er mjög vel marktækur. Dæmigerðustu íþróttamálssetningarnar, þ.e. dæmi *e*, *f*, *g*, fá svo jákvæða dóma hjá öllum menntunarhópum. Þetta sýnir að hið dæmigerða íþróttamál hefur breiðst út óháð menntun.

#### 9.2.2.3 Kyn

Af því að karlar eru þekktari fyrir íþróttáhuga en konur hefði e.t.v. mátt búast við að þeir væru hrifnari af þessum íþróttamálssetningum en konur. Þar er þó skemmt frá að segja að fylgni mats á þessum setningum við kyn þáttakenda var nánast engin eins og sjá má á *töflu 9.5*. Þar nær fylgnistuðullinn aldrei 0,1 og fylgnin er hvergi tölfraðilega marktæk.

Tilbrigði í islenskri setningagerð II

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1056	Þeir sem voru að skora í fyrra eru allir meiddir.	65,1	59,8	.050	.169
b. T1062	Hann var sifellt að brjóta á Jóni í seinni hálfleik.	84,5	86,4	−.029	.429
c. T1072	Keppendur voru flestir að stökkva yfir 90 metra.	81,5	82,4	−.011	.765
d. T1077	Dómaramir voru að dæma allt of fáar aukaspyrnur.	59,4	62,7	−.039	.280
e. T3032	Þær voru að leika mjög vel allan timann.	76,9	<b>77,4</b>	−.013	.730
f. T3044	Þeir voru að spila fina vörn.	<b>85,9</b>	82,6	.051	.173
g. T3055	<b>Konurnar eru þó að standa sig mjög vel.</b>	83,6	<b>86,7</b>	−.033	.373
h. T1080	Hann var bara að skora eitt mark á síðasta ári.	24,4	28,3	−.042	.246
i. T1119	Hann var að brjóta á Gylfa á 30. minútu.	22,1	24,2	−.045	.215

Tafla 9.5: Jákvætt mat á íþróttamálsdæmum, flokkað eftir kyni þátttakenda.

#### 9.2.3 Tengsl við búsetu

Eins og sjá má af töflu 9.6 er enginn augljós munur á því eftir landshlutum hversu jákvaða dóma þessi íþróttamálsdæmi fá. Þar blasir engin regla við, en dæmin eru reyndar nokkuð mismunandi að eðli. Munurinn á landshlutunum nær því þó að vera tölfræðilega marktækur í sumum tilvikum samkvæmt kí-kvaðratprófinu, einkum d-dæminu ( $p = 0,004$ , kí-kvaðratgildið er hér 31,97 en vendigildið er 29,14 miðað við  $p = 0,01$  og 14 frelsisgráður). Það á þó ekki við um dæmigerðustu íþróttamálsetningarnar (*e, f, g*), en þau dæmi eru áhugaverðust fyrir okkur:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1056	Þeir sem voru að skora í fyrra eru allir meiddir.	50,5	56,6	68,2	62,3	61,2	65,1	<b>72,9</b>	66,4
b. T1062	Hann var sifellt að brjóta á Jóni í seinni hálfleik.	81,1	73,6	88,2	84,9	90,3	85,5	<b>91,5</b>	84,1
c. T1072	Keppendur voru flestir að stökkva yfir 90 metra.	67,6	77,8	82,0	84,9	85,8	81,7	<b>87,9</b>	87,5
d. T1077	Dómaramir voru að dæma allt of fáar aukaspyrnur.	51,8	60,4	<b>70,9</b>	60,4	59,7	64,6	59,3	61,1
e. T3032	Þær voru að leika mjög vel allan timann.	69,8	72,0	76,6	78,0	78,7	75,9	82,1	<b>82,3</b>
f. T3044	Þeir voru að spila fina vörn.	77,6	84,6	85,6	82,8	<b>88,9</b>	77,8	88,5	83,9
g. T3055	<b>Konurnar eru þó að standa sig mjög vel.</b>	82,8	80,8	84,8	88,0	<b>88,0</b>	87,0	83,3	79,0
h. T1080	Hann var bara að skora eitt mark á síðasta ári.	19,1	22,2	29,7	25,7	26,1	30,1	<b>33,9</b>	25,7
i. T1119	Hann var að brjóta á Gylfa á 30. minútu.	18,3	15,1	26,6	24,5	27,1	<b>31,7</b>	23,7	15,8

Tafla 9.6: Jákvætt mat á íþróttamálsdæmum, flokkað eftir landshlutum.

Svipað verður uppi á teningnum ef meðaleinkunn fyrir dæmi *e*, *f*, *g* er skoðuð á einstökum könnunarstöðum. Þar kemur ekki fram skýr munur milli staða, enda fengu þessi dæmi yfirleitt alls staðar jákvæða dóma. Niðurstaðan verður því sú að þessi setningagerð sé ekki staðbundin.

#### 9.2.4 Samantekt

Helstu niðurstöður úr þessari athugun á *vera að* í íþróttamáli má draga saman á þessa leið:

- Meirihluti málnotenda samþykkir íþróttamálsdæmi á borð við *Pær voru að leika mjög vel allan timann*. Hlutfall þeirra sem telja setningarnar eðlilegt mál er yfirleitt á bilinu 60–85%, nokkuð misjafn þó eftir því hvaða setningar eiga í hlut (sjá *töflu 9.2*).
- Besta dóma fá setningarnar ef hægt er að túlka þær þannig að vísað sé til ákveðins tímabils, svo sem tiltekins íþróttaleiks eða leikhluta. Ef samhengið kemur í veg fyrir slika túlkun fá dæmin mun verri dóma (sbr. tvö síðustu dæmin í næstu töflum hér á undan).
- Ekki kemur fram skýr fylgni dómannna við aldur (*tafla 9.3*, *mynd 9.1*), kyn (*tafla 9.5*) né búsetu (*tafla 9.6*).
- Aftur á móti sést marktæk fylgni við menntun í sumum tilvikum og þá á þá leið að þeir sem minni menntun hafa eru líklegrir til þess að samþykkja sum dæmin en þeir sem hafa notið meiri menntunar. Það á þó helst við um þau dæmi sem fá lakasta dóma þegar á heildina er litið og ekki dæmigerðustu íþróttamálsdæmin (sjá *töflu 9.4*).

### 9.3 Útvíkkun framvinduhorfs

#### 9.3.1 Almennt yfirlit

Eins og oft hefur verið bent á hefur notkun orðasambandsins *vera að* yfirleitt verið talin ósamrýmanleg þeim sögnum sem tákna ástand af einhverju tagi (sjá t.d. umræðu hjá Jóni G. Friðjónssyni 1989:110–111, Theódóru A. Torfadóttur 2004, Höskuldi Þráinssyni 2005:488–489, Gunnari Gunnarssyni 2010, Kristinu M. Jóhannsdóttur 2011 og í ritum sem þar er vísað til; sbr. líka 18. kafla hér á eftir). Ef aukin notkun á *vera að* í íþróttamáli væri til vitnis um almenna útvíkkun á notkun framvinduhorfs mætti kannski búast við að sú útvíkkun næði til ástandssagna almennt. Í *töflu 9.7* kemur þó fram að þátttakendur í Tilbrigðaverkefninu töldu *vera að* yfirleitt ekki ganga vel með slikum sögnum (dæmin eru birt með samhengissetningum í (9.9) hér á undan en þeim hefur verið raðað upp á annan hátt í *töflu 9.7* til að auðvelda samanburð á hliðstæðum dæmum):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1075	Hún skilur ekki neitt i frönskunni.	70,9	15,5	13,7	100	769
b. T1026	Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.	24,2	22,1	53,7	100	765
c. T3106	Hann er að skilja íslensku ágætlega.	30,5	26,5	43,1	100	706
d. T1017	Hann er vonandi að skilja þýskuna betur núna.	54,0	21,3	24,7	100	769
e. T1035	Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.	46,6	20,6	32,8	100	766
f. T1123	Hún kann ekki einu sinni að keyra.	88,7	6,2	5,1	100	763
g. T1037	Hann er ekki að kunna neitt i efnaræðinni.	15,0	21,4	63,7	100	768
h. T1084	Ert þú að kunna eitthvað í ensku?	6,4	13,0	80,6	100	769
i. T1108	Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.	8,2	12,2	79,6	100	768
j. T1116	Hún er ekki einu sinni að mega fara út á kvöldin.	10,6	12,0	77,4	100	766
k. T1089	Fólk var bara ekki að vilja fara heim.	24,2	21,1	54,7	100	766
l. T1105	Hann er samt enn að elskja hana.	7,9	14,2	77,9	100	769
m. T3017	Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni.	6,5	10,3	83,2	100	709
n. T1007	Hann er bara að vera kjánalegur.	24,1	23,4	52,5	100	768
o. T1013	Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.	15,7	18,7	65,5	100	769
p. T1045	Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.	6,8	12,4	80,9	100	769
q. T1065	Villi er samt að trúá á drauga.	15,7	23,2	61,1	100	771
r. T3067	Hún er að leika ótrúlega vel á fiðlu.	41,8	28,1	30,1	100	711

Tafla 9.7: Mat á setningum með ástandssögnum með og án vera að.

Flest dæmin með *vera að* og þessum sögnum fá neikvæða dóma hér og mun verri en dæmin án *vera að* (*a*-dæmið og *f*-dæmið). Þó eru verulegar sveiflur í matinu á þessum dæmum eftir því hver sögnin er og samhengið. Í grófum dráttum mætti flokka dæmin eins og gert er í (9.17):

- (9.17) a. Dæmin með *vera að* og *skilja* (*b-e*) fá jafnbesta dóma og eru samþykkt af um það bil 25–55% þáttakenda.
- b. Þótt sögnin *kunna* virðist merkingarlega skyld *skilja* virðist hún ganga mun síður með *vera að* (*g-i*). Dæmin með hinum tveim háttarsögnunum, *mega* og *vilja*, fá líka neikvæða dóma, sérstaklega með *mega*.
- c. Aðrar ástandssagnir sem hér eru prófaðar virðast yfirleitt ganga illa með *vera að* (*l-q*). Þó telur næstum fjórðungur þáttakenda að hægt sé að nota *vera að* með orðasambandinu *vera kjánalegur*.
- d. Sögnin *leika* (eða orðasambandið *leika á fiðlu*, *r*-dæmið) er svo nokkuð annars eðlis og á kannski meira skylt við íþróttamálsdæmin sem voru rædd hér framar.

Ef við lítum fyrst á dæmin með *vera að* + *skilja* sést að tvö þeirra fá besta dóma. Þau má e.t.v. túlka sem svo að þar merki *skilja* ekki einfaldlega ástand heldur fremur

breytingu, þ.e. 'ná að skilja' (sbr. nánari umræðu í 18. kafla og í ritum sem þar er vísað til). Það á þó einkum við um *e-dæmið*. Reyndar áttum við von á að fleiri myndu samþykkja það þar sem dæmi af þessu tagi eru oft nefnd til marks um þessa útvíkkun. Í athugasendum kom fram að sumum fannst atviksordið *bara* ekki eiga heima í *e-dæminu*. Þá áttuðum við okkur á því að liklega væri fólk þá ekki að miða við þá áherslu og tónfall sem við höfðum í huga (áherslan á að vera á *er* og *skilja* en ekki á *bara*, sbr. umræðu í kringum (9.11) hér framar). Þetta var því eitt þeirra dæma sem við prófuðum aftur síðar með því að láta þáttakendur hlusta á þau leikin af disk. Þau verða rædd nánar hér á eftir (sjá *töflu 9.9*).

Ástæða þess að dæmin með *vera að + kunna* (*g, h, i*) fá mun verri dóma en dæmin með *skilja* kynni að vera sú að þar er örðugt að hugsa sér einhvers konar breytingarmerkingu. Sama á við um *mega*, en aftur á móti virðist dæmið með *vera að + vilja* gefa kost á einhverri túlkun sem næstum fjórðungur þáttakenda taldi eðlilegt mál.

Ekki þarf að koma á óvart að sagnirnar sem voru prófaðar með *vera að* í *l-q* skuli hafa fengið neikvæða dóma því þar er um ástandssagnir að ræða. Helsta undantekningin er *vera kjánalegur* í *n-dæminu*, en næstum fjórðungur þáttakenda telur það dæmi eðlilegt mál. Ástæðan er væntanlega sú að túlkunina má teygja yfir í 'láta eins og kjáni, fiflast' (á tilteknunum tíma, núna). Aftur á móti má vekja athygli á því að setningum *m* og *p* er afdráttarlaust hafnað, en samsvarandi setningar væru eðlilegt mál á ensku (sbr. *He is staying/living with his parents until then* og *She is standing there next to John*). Þetta bendir til þess að útvíkkun framvinduhorfs í íslensku sé ekki einföld eftiröpun ensku, eins og einhverjum kynni að detta í hug (sjá umræðu í 18. kafla og hjá Gunnari Gunnarssyni 2010 og Kristínu M. Jóhannsdóttur 2011 sem bera íslenska framvinduhorfið saman við það enska).

Loks er vert að benda á að síðasta dæmið inniheldur sögnina *leika* sem er ekki ástandssögn í sjálfu sér. Þar átti samhengið hins vegar að leiða til þess að þáttakendur hefðu almenna ástandsmerkingu í huga fremur en merkingu þar sem vísað væri til afmarkaðs tímabils (eins og í íþróttamálinu). Kannski hefur það ekki tekist úr því að þessi setning fær svona miklu betri dóma en hinum (samhengissetningin var *Sigrún er ein af okkar fremstu hljóðfæraleykumur*).

Lítum þá næst á dæmi sem innihalda breytingar- og hreyfingarsagnir. Yfirlit yfir mat á þeim má sjá í *töflu 9.8* (dæmin eru sýnd með samhengissetningum í (9.10)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1003	Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.	56,9	22,5	20,7	100	765
b. T1010	Krakkarnir eru bara ekki að ná þessu.	62,2	19,7	18,0	100	765
c. T1050	Fólk er að átta sig á að það er vonlaust.	74,5	15,2	10,3	100	765
d. T1060	Þau eru vonandi að ná þessu núna.	70,2	16,5	13,3	100	765
e. T1086	Hann var að ganga upp stigann heima hjá sér.	90,4	5,7	3,9	100	770

Tafla 9.8: Mat á setningum með breytingar- og hreyfingarsögnum og vera að.

Eins og hér sést samþykkir meirihluti þáttakenda allar þessar setningar þótt dæmið með hreyfingarsögninni *ganga* (*upp stigann*) fái besta dóma. Hér kom kannski helst á óvart að dæmin með *bara ekki* (*a- og b-dæmið*) skyldu ekki fá betri dóma, en þar gáfu athugasemdirnar aftur vísbendingu um ástæðuna: Nokkrir vildu greinilega ekki hafa *vera að* en svo var líka til í dæminu að þáttakendur ömuðust við orðinu *bara* í þessum dænum. Við höfðum aftur á móti talið að það gerði dæmin talmálslegri og eðlilegri, en það gerist þó ekki nema áherslan sé viðeigandi (sbr. athugasemdir um *er bara ekki að*

## Tilbrigði í islenskri setningagerð II

*skilja* í tengslum við *töflu 9.7*). Þess vegna voru fáein dæmi með breytingarsögnum og ástandssögnum og *bara* (*ekki*) spilað af diskí i þriðju yfirlitskönnun og í *töflu 9.9* sést hvaða áhrif það hafði (sjá líka dæmin í (9.12) hér framar). Þar vísar L til þess að dæmið hafi verið spilað af diskí fyrir þáttakendur:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. L3.10	Hann er <b>bara</b> ekki að skilja stærðfræðina.	61,0	20,8	18,2	100	713
b. T1035	Hann er <b>bara</b> ekki að skilja stærðfræðina.	46,6	20,6	32,8	100	766
c. L3.15	Hann er <b>bara</b> að vera kjánalegur.	33,3	30,4	36,3	100	711
d. T1007	Hann er <b>bara</b> að vera kjánalegur.	24,1	23,4	52,5	100	768
e. L3.18	Þeir eru <b>bara</b> ekki að átta sig á aðalatriðunum.	72,3	15,5	12,2	100	714
f. T1003	Þeir eru <b>bara</b> ekki að átta sig á aðalatriðunum.	56,9	22,5	20,7	100	765
g. L3.27	Hann er <b>ekki</b> einu sinni að skilja ensku.	45,2	22,6	32,2	100	712
h. T1026	Hann er <b>ekki</b> einu sinni að skilja ensku.	24,2	22,1	53,7	100	765

Tafla 9.9: Mat á setningum með völdum breytingarsögnum og ástandssögnum: Áhrif áherslu og tónfalls.

Þessi tilteknu dæmi voru valin vegna þess að okkur grunaði að hér kynni áhersla og tónfall að skipta meira máli en í flestum öðrum dæmum. Tölnurnar sýna að þetta hugboð okkar var rétt: Matið varð jákvæðara í öllum tilvikum þegar dæmin voru lesin með þeiri áherslu og tónfalli sem við höfðum haft í huga, einkum þar sem neitunin kom við sögu. Taflan sýnir líka að breytingarnar voru oftast á þá leið að færri töldu setningarnar ótækari en áður og fleiri eðlilegar en áhrifin á miðálkinn (hlutfall þeirra sem taldi setningarnar vafasamar) voru minni.

Eins og nefnt var hér framar var talið liklegt að útvíkkun notkunarsviðs *vera ad* gæti m.a. tekið til setninga sem fælu í sér endurtekningar- eða vanamerkingu. Dæmi af því tagi voru sýnd í (9.13) og mat á þeim má sjá í *töflu 9.10* (sjá einnig nánari umræðu í 18. kafla og í ritum sem þar er vísað til):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1125	Fólk fer heilmikið í leikhús þessa dagana.	79,3	12,3	8,4	100	762
b. T1022	Fólk er að fara mikið til útlanda þessa dagana.	57,7	21,0	21,3	100	771
c. T1053	Fólk er að fara til útlanda minnst tvísvar á ári.	72,7	15,6	11,8	100	765
d. T1069	Hann borgaði 100 þúsund í leigu í gömlu íbúðinni.	62,3	18,3	19,4	100	767
e. T1041	Hún var að borga 20 þúsund í tryggingar á mánuði.	76,2	13,0	10,8	100	769

Tafla 9.10: Mat á setningum í endurtekningar- og vanamerkingu, með og án vera að.

Hér þarf ekki að koma á óvart að allar setningarnar með *vera að* fá heldur jákvæða dóma og reyndar svipaða samsvarandi setningum með einfaldri tíð, án *vera að*, nema helst *b-dæmið*.

Í töflu 9.11 er loks sýnt hvernig dæmi með veðurfarsögninni *rigna* voru metin. Þau eru ekki síst áhugaverð vegna þess að einfaldar setningar með *vera að* og veðurfarsögnum virðast oft óeðlilegri í íslensku en samsvarandi setningar í ensku (sbr. ?\**Það er að rigna* og *It is raining*, sbr. t.d. umræðu hjá Kristínu M. Jóhannsdóttur 2011). Dæmin eru sýnd í heild með samhengissetningum í (9.14):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1095	Það rignir ennþá.	92,2	4,9	2,9	100	769
b. T1030	Það er að rigna mest í október.	17,8	22,7	59,5	100	763
c. T1047	Það er ennþá að rigna.	46,9	23,8	29,3	100	768

Tafla 9.11: Mat á setningum með veðurfarsögninni rigna, með og án vera að.

Dæmið með einföldu tíðinni, *a-dæmið*, fær auðvitað rússneska kosningu. Dæmi *b* og *c* sýna að það getur verið vandasamt að finna rétt samhengi. Dæmi *b* er eðlilegast að skilja sem svo að þar sé (eða eigi að vera) um vana- og endurtekningamerkingu að ræða og samhengið var *Úrkoman er misjöfn eftir mánuðum*. Við töldum að það ætti að gera þessa túlkun eðlilega en það virðist ekki hafa tekist vel. Í *c-dæminu* er frekar einhvers konar áherslumerking, þ.e. verið er að teygja á tímanum sem rigningin hefur staðið. Málnotendur virðast hafa náð betra sambandi við það dæmi, en eins og taflan sýnir er býsna stór hluti þáttakenda í vafa um gæði beggja þessara setninga.

### 9.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 9.3.2.1 Aldur

Eins og fram kom hér á undan voru það dæmi sem innihéldu einhvers konar ástandssagnir sem fengu misjafnasta dóma. Þar mætti þess vegna búast við mestum tengslum breytileika við aldur ef eitthvað af þessum dænum fæli í sér vísbendingar um breytingar sem væru að breiðast út. Tafla 9.12 sýnir að hvaða marki mat á þessum dænum var breytilegt eftir aldri. Þar sést strax að tengslin við aldur eru hér miklu greinilegri en þegar íþróttamálið átti í hlut: Hér er það næstum alltaf hærra hlutfall þáttakenda í yngstu aldursþópunum sem telur setningarnar eðlilegt mál (oftast þeim yngsta) og fylgnin við aldur er mun greinilegri en áður og nær því jafnvél í sumum tilvikum að vera meðalsterk (0,3) og skýra þar með 9% eða meira af dreifingunni. Í þeim tilvikum er fylgnistuðullinn feitletraður og *p-gildið* er feitletrað ef það er minna en 0,01, en svo er reyndar langoftast:

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Númer	Setning	9.b.	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1026	Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.	34,8	32,0	18,4	9,2	.267	.000
b. T3106	Hann er að skilja íslensku ágætlega.	42,5	35,0	25,9	15,3	.226	.000
c. T1017	Hann er vonandi að skilja þýskuna betur núna.	56,1	63,8	54,7	39,8	.121	.001
d. T1035	Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.	54,9	67,5	43,8	16,2	.308	.000
e. T1037	Hann er ekki að kunna neitt i efnafræðinni.	26,5	20,8	7,3	3,4	.322	.000
f. T1084	Ert þú að kunna eithvað í ensku?	12,7	8,1	1,0	2,9	.191	.000
g. T1108	Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.	19,1	5,1	4,7	2,8	.171	.000
h. T1116	Hún er ekki einu sinni að mega fara út á kvöldin.	22,5	12,6	4,2	1,2	.298	.000
i. T1089	Fólk var bara ekki að vilja fara heim.	35,8	44,7	12,1	0,6	.442	.000
j. T1105	Hann er samt enn að elskar hana.	18,5	3,0	2,1	7,4	.119	.001
k. T3017	Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni.	16,0	3,9	1,8	2,5	.296	.000
l. T1007	Hann er bara að vera kjánalegur.	30,7	28,4	12,5	24,1	.175	.000
m. T1013	Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.	23,5	16,3	11,5	10,7	.212	.000
n. T1045	Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.	18,0	3,6	1,6	2,8	.172	.000
o. T1065	Villi er samt að trúua á drauga.	19,5	14,7	12,0	16,4	.037	.306
p. T3067	Hún er að leika ótrúlega vel á fiðlu.	36,8	45,5	49,1	36,4	-.014	.713


Tafla 9.12: *Jákvætt mat á setningum með ástandssögnum og vera að, flokkað eftir aldri.*

Hér er greinilega allt annað uppi á teningnum en í íþróttamálinu: Tengslin við aldur eru greinileg og mjög vel marktaek nema í tveim tilvikum. Þótt það sé næstum alltaf minnihluti yngsta aldursþópsins sem telur setningarnar eðlilegt mál (hlutfallið nær ekki 50% nema í tveim tilvikum og í báðum þeim tilvikum er hlutfallið reyndar herra í næstygsta hópnum) fá setningarnar langoftast jákvæðastan dóm í yngsta hópnum og aldrei í elsta hópnum. Sérstaka athygli vekur svo dæmið með *vilja*, þ.e. *i-dæmið*, því nánast enginn úr elsta hópnum sættir sig við það og það fær líka neikvæða dóma hjá næstelsta hópnum, en næstum helmingi næstygsta hópsins þykir það eðlilegt mál. Það er býsna mikill munur.

Þrátt fyrir tiltölulega mesta jákvæðni hjá yngsta hópnum fer því fjarri að yngstu þátttakendurnir leggi allar þessar setningar að jöfnu. Eins og þátttakendurnir almennt telur yngsti hópurinn að dæmin með *leiðast*, *trúa*, *búa*, *elska*, *standa*, *kunna* og *mega* séu síst. Hins vegar er það ekki heldur svo að öll dæmi með sömu sögn fái sams konar dóma. Við sjáum t.d. að elsti hópurinn sættir sig þokkalega við *c-dæmið* en miklu síður við *a* og *b* þótt þessi dæmi innihaldi öll sögnina *skilja*. Ástæðan gæti verið sú að

auðveldara sé fyrir þennan hóp að hugsa sér einhvers konar breytingartúlkun í *c*-dæminu en hinum tveim.

Líkt og áður má hér reikna meðaleinkunn fyrir valin dæmi og sýna tengsl þeirrar einkunnar við aldurshópana á súluriti. Ef tekin eru þau dæmi þar sem fylgnistuðullinn er hæstur, þ.e. fylgnin nær því að vera meðalsterk (0,3), verður slikt súlurit eins og sýnt er á mynd 9.2. Fylgnin við aldur (*r*) er hér  $-0,467$  og hún er mjög vel marktæk ( $p = 0,000$ ) (sé F-prófi beitt á samanburð meðaltalanna fæst svipuð niðurstaða:  $F_{(3, 768)} = 89,904, p = 0,000$ ).



Mynd 9.2: Meðaleinkunn fyrir ástandssagnadæmin (d, e, h og i í töflu 9.12).

Almennt má segja að hin tiltölulega skýru tengsl við aldur og jákvæðari dómar yngstu aldurshópanna um dæmi með *vera að* og ástandssögnum bendi til þess að hér sé að verða breyting á. Hún gæti annaðhvort verið fólgin í því að merking eða hlutverk orðasambandsins *vera að* sé að víkka ljá yngstu aldurshópunum eða þá að yngstu hóparnir leggi annan skilning í sum dæmin með *vera að* en þeir eldri (sjá umræðu í 18. kafla). Í því sambandi er líka fróðlegt að skoða tengsl við aldur þegar breytingar- og hreyfingarsagnir eiga í hlut. Yfirlit yfir þau má sjá í töflu 9.13, þar sem feitletrun er notuð á sama hátt og áður:

Númer	Setning	9.b.	20-25	40-45	65-70	r	p
a. T1003	Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.	56,9	73,6	60,9	33,1	.196	.000
b. T1010	Krakkarnir eru bara ekki að ná þessu.	65,4	77,2	63,5	39,8	.203	.000
c. T1050	Fólk er að átta sig á að það er vonlaust.	65,5	74,5	80,6	78,3	-.119	.001
d. T1060	Þau eru vonandi að ná þessu núna.	69,2	74,7	74,3	61,7	.048	.180
e. T1086	Hann var að ganga upp stigann heima ljá sér.	81,0	93,9	98,4	88,7	-.119	.001

Tafla 9.13: Jákvætt mat á setningum með breytingar- og hreyfingarsögnum og vera að, flokkað eftir aldri.

Hér eru greinilega mun *mími* og óreglulegri tengsl við aldur en í dænumum með ástandssögnum. Þessi dæmi fá reyndar yfirleitt betri dóma en þau en ekkert þeirra fær bestar undirtektir hjá yngsta hópnum. Tengsl við aldur eru einna skýrust í dænum *a* og *b*, en það stafar aðallega af því hve elsti aldurshópurinn tekur dauflega í þau. Þarna kemur fram svipaður munur á þriðja og fjórða hóp og í dænum með *skilja* í *töflu 9.12* og kannski sýnir það svipaðan túlkunarmun: Þriðji hópur og þeir sem yngri eru geta túlkað setningarnar með *skilja* sem 'geta skilið, byrja að *skilja*' en sá elsti ekki — og eins á elsti hópurinn erfitt með að túlka dæmin með *áttu sig á, ná á* svipaðan hátt (sbr. umræðu um merkingu *vera að* og breytingar á henni í 18. kafla). Engin fylgni við aldur kemur fram í *d-dæminu* en í dænum *c* og *e* er fylgnin öfug við þau fyrstu, þ.e. þessi dæmi fá marktækt betri dóma hjá eldri hópunum þótt fylgnin við aldur sé veik. Dæmi *e* er reyndar dálitið annmars eðlis en hin af því að þar er um hreyfingarsögn að ræða, en matið á *c-dæminu* sýnir að það geta elstu hóparnir vel túlkað sem breytingu sem er að gerast smámanlega saman þannig að merkingin verður samrýmanleg hlutverki *vera að* í þeirra máli eins og hinna. Hliðstæða túlkun á elsti hópurinn greinilega erfðara með þegar fyrstu tvö dæmin eiga í hlut.

Línum næst á dæmin sem vísa til endurtekningar eða vana. Yfirlit yfir mat á þeim í einstökum aldurshópum er sýnt í *töflu 9.14*. Þar kemur fram að fylgni við aldur er sáralitil og ekki tölfræðilega marktæk í neinu tilviki.

Númer	Setning	9.b.	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1022	Fólk er að fara mikil til útlanda þessa dagana.	59,0	65,0	52,1	54,2	.066	.066
b. T1053	Fólk er að fara til útlanda minnst tvívar á ári.	68,8	73,1	76,3	72,7	-.035	.333
c. T1041	Hún var að borga 20 þúsund í tryggingar á mánuði.	71,2	85,3	82,3	65,1	.048	.179

Tafla 9.14: Jákvaðt mat á setningum með vera að í endurtekningar- og vanamerkingu, flokkað eftir aldri.

Þessar tölur benda því ekki til þess að nokun *vera að* í orðasamböndum af þessu tagi sé nýleg breyting þar sem yngsta kynslóðin er í fararbroddi.

Síðasti dæmaflokkrinn er svo veðursagnir. Þar voru þáttakendur látnir meta tvö dæmi með *vera að* og þau fengu býsna misjafna dóma þegar á heildina var litið (sjá *töflu 9.11*). Tafla 9.15 sýnir mat einstakra aldurshópa á þessum dænum, en eins og áður var nefnt er haegt að nota sagnir af þessu tagi í framvinduhorfi á ensku (sbr. líka Kristín M. Jóhannsdóttur 2011):

Númer	Setning	9.b.	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1030	Það er að rigna mest í október.	24,4	22,1	12,6	11,4	.155	.000
b. T1047	Það er ennþá að rigna.	56,6	52,6	37,7	39,2	.134	.000

Tafla 9.15: Jákvaðt mat á setningum með vera að með veðurfarssögninni rigna, flokkað eftir aldri.

Þótt fylgni við aldur sé lítil hér er hún þó tölfræðilega marktæk og á sama veg í báðum dænumum þótt þau fái misgóða dóma: Yngsta kynslóðin kann betur að meta þau en hinum, þótt munurinn sé lítill. Hér má því sjá veikar vísbendingar um breytingu í sýndartíma.

## 9.3.2.2 Menntun

Tafla 9.16 bendir til nokkurra tengsla milli menntunar og mats á dænum með ástandssögnum og vera að þótt þau séu yfirleitt ekki tölfræðilega marktæk:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1007	Hann er bara að vera kjánalegur.	23,2	18,7	19,7	.040	.360
b. T1013	Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.	17,9	12,4	3,9	.087	.042
c. T1017	Hann er vonandi að skilja þýskuna betur núna.	52,2	55,5	46,1	.034	.484
d. T1026	Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.	24,3	20,1	9,5	.070	.106
e. T1035	Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.	47,0	44,0	39,5	.018	.677
f. T1037	Hann er ekki að kunna neitt í efnafræðinni.	12,0	12,7	3,9	.108	.012
g. T1045	Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.	3,3	2,5	1,3	.075	.081
h. T1065	Villi er samt að trúá drauga.	20,1	11,7	5,3	.153	.000
i. T1084	Ert þú að kunna eitthvað í ensku?	6,0	3,5	1,3	.158	.000
j. T1089	Fólk var bara ekki að vilja fara heim.	22,2	21,9	10,5	.021	.632
k. T1105	Hann er samt enn að elска hana.	7,1	2,8	0,0	.173	.000
l. T1108	Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.	5,5	4,2	0,0	.084	.050
m. T1116	Hún er ekki einu sinni að mega fara út á kvöldin.	6,6	7,0	4,1	.008	.854
n. T3017	Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni.	1,9	3,7	1,3	.031	.539
o. T3067	Hún er að leika ótrúlega vel á fiðlu.	45,7	43,3	31,2	.112	.025
p. T3106	Hann er að skilja íslensku ágætlega.	29,9	24,4	15,8	.125	.013

Tafla 9.16: Jákvætt mat á setningum með ástandssögnum og vera að, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Eins og taflan sýnir er fylgnin við menntun alls staðar lítil en hún er alls staðar í sömu átt (minni menntun, meiri likur til að dæmin séu samþykkt). Hún er ekki marktæk við  $p \leq 0,01$  markið nema í þrem tilvikum (*h, i, k*) og þau virðast nú ekki sérstaklega samstæð. Eins og áður hefur yngsta aldurshópnum verið sleppt hér vegna þess að hann hefur ekki átt kost á öðru en grunnskólamenntun. Sú (litla) fylgni við menntun sem hér kemur fram ætti því að vera nokkuð óháð aldursbreytunni.

Tafla 9.17 er sömu gerðar og 9.16 og sýnir mat á dænum með vera að og breytingar- og hreyfingarsögnum en þá kemur allt annars konar mynd í ljós. Þar er nánast engin fylgni við menntun og hvergi marktæk við  $p \leq 0,01$  markið:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1003	Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.	56,8	58,9	50,0	.006	.896
b. T1010	Krakkarnir eru bara ekki að ná þessu.	60,8	63,5	53,9	.013	.762
c. T1050	Fólk er að átta sig á að það er vonlaust.	77,3	78,4	76,3	-.002	.961
d. T1060	Þau eru vonandi að ná þessu núna.	66,1	75,2	63,2	-.032	.460
e. T1086	Hann var að ganga upp stigann heima hjá sér.	91,8	95,4	93,4	-.045	.297

Tafla 9.17: Jákvætt mat á setningum með breytingar- og hreyfingarsögnum og vera að, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Fylgni dóma við menntun er heldur meiri í dænum með *vera að* sem fela í sér endurtekningar- eða vanamerkingu. Þetta sést í *töflu 9.18*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1022	Fólk er að fara mikið til útlanda þessa dagana.	65,2	54,1	47,4	.128	.003
b. T1041	Hún var að borga 20 þúsund í tryggingar á mánuði.	79,7	76,7	77,6	.023	.598
c. T1053	Fólk er að fara til útlanda minnst tvísvart á ári.	78,8	73,0	64,0	.108	.012

Tafla 9.18: Jákvaett mat á setningum með vera að i endurtekningar- og vanamerkingu, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Hér er nokkur fylgni við menntun í fyrsta og síðasta dæminu og hún nær því að vera tölfræðilega marktæk við  $p \leq 0,01$  markið í því fyrsta og hérumbil í því síðasta líka: Dæmin fá betri dóma hjá þeim sem hafa minni menntun. Það er svo sem lítið hægt að gera með það.

Loks má skoða dæmin tvö með *vera að* og veðursögninni *rigna*. Þar er sáralitil fylgni milli mats og menntunar og ekki tölfræðilega marktæk:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1030	Það er að rigna mest í október.	17,5	15,3	9,2	.048	.269
b. T1047	Það er einþá að rigna.	48,9	39,9	44,0	.048	.263

Tafla 9.19: Jákvaett mat á setningum með vera að með veðurfarssögninni rigna, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Almennt má því segja að dómar þáttakenda um *vera að* með þeim sagnaflokkum sem hér hafa verið til skoðunar sýni ekki skýra fylgni við menntun þeirra.

### 9.3.2.3 Kyn

Hér er kannski sérstaklega áhugavert að skoða dæmin með ástandssögnunum þar sem þar virðast mestar breytingar vera í gangi og konur eru annars vegar þekktar fyrir að fylgja staðalmáli fremur en karlar en hins vegar líklegri en karlar til að vera í fararbroddi þegar breytingar eru annars vegar, t.d. þegar staðbundin mállyska er á undanhaldi fyrir meirihlutamáli eða staðalmáli. Í *töflu 9.20* sést mat á ástandssagnadæmunum flokkað eftir kyni. Þar sjáum við að það eru næstum alltaf hlutfallslega fleiri karlar en konur sem telja þessi dæmi eðlilegt mál (það eru aðeins tvær undantekningar frá því) en munurinn er yfirleitt litill og fylgnin veik þótt hún sé stundum tölfræðilega marktæk, jafnvel við  $p \leq 0,01$  markið:

mer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1007	Hann er bara að vera kjáalegur.	23,5	<b>24,7</b>	-.042	.249
b. T1013	Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.	<b>18,7</b>	12,6	.112	<b>.002</b>
c. T1017	Hann er vonandi að skilja þýskuna betur núna.	<b>55,4</b>	52,4	.012	.749
d. T1026	Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.	<b>28,0</b>	20,2	.069	.055
e. T1035	Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.	<b>51,4</b>	41,6	.103	<b>.004</b>
f. T1037	Hann er ekki að kunna neitt í efnafræðinni.	<b>17,0</b>	12,8	.046	.201
g. T1045	Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.	8,8	4,6	.002	.011
h. T1065	Villi er samt að trúua á drauga.	<b>18,7</b>	12,5	.056	.120
i. T1084	Ert þú að kunna eithvað í ensku?	<b>7,3</b>	5,4	.086	.017
j. T1089	Fólk var bara ekki að vilja fara heim.	<b>27,0</b>	21,2	.067	.064
k. T1105	Hann er samt enn að elska hana.	<b>10,7</b>	5,1	.123	<b>.001</b>
l. T1108	Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.	<b>10,7</b>	5,6	.076	.036
m. T1116	Hún er ekki einu sinni að mega fara út á kvöldin.	9,6	<b>11,6</b>	.028	.436
n. T3017	Hún er að standa þarna við hliðina Á Jóni.	<b>7,7</b>	5,3	.072	.055
o. T3067	Hún er að leika ótrúlega vel á fiðlu.	<b>45,2</b>	38,6	.092	.014
p. T3106	Hann er að skilja íslensku ágætlega.	<b>35,2</b>	26,0	.104	<b>.005</b>

Tafla 9.20: Jákvætt mat á setningum með ástandssögnum og vera að, flokkað eftir kyni.

Samkvæmt þessu halda konurnar frekar í það sem hefur verið hefðbundið hér en karlarnir eru heldur líklegrir til að samþykkja notkun *vera að* í dænum af þessu tagi.

Ef litið er á dæmi með breytingar- og hreyfingarsögnum verður annað uppi á teningnum, eins og sjá má í *töflu 9.21*. Þar er nánast engin fylgni við kyn og aldrei tölfræðilega marktæk:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1003	Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.	<b>58,1</b>	55,5	.014	.694
b. T1010	Krakkarnir eru bara ekki að ná þessu.	<b>65,1</b>	59,1	.053	.143
c. T1050	Fólk er að átta sig á að það er vonlaust.	<b>74,6</b>	74,5	-.003	.940
d. T1060	Þau eru vonandi að ná þessu núna.	<b>70,2</b>	<b>70,2</b>	.000	.992
e. T1086	Hann var að ganga upp stigann heima hjá sér.	89,8	<b>91,0</b>	-.022	.542

Tafla 9.21: Jákvætt mat á setningum með breytingar- og hreyfingarsögnum og vera að, flokkað eftir kyni.

Setningarnar sem fela í sér vana- eða endurtekningarmerkingu koma svipað út að þessu leyti, eins og sjá má af *töflu 9.22*. Þar er ekki heldur um neina marktæka fylgni við kyn að ræða:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1022	Fólk er að fara mikið til útlanda þessa dagana.	<b>59,6</b>	55,7	.028	.438
b. T1041	Hún var að borga 20 þúsund í tryggingar á mánuði.	<b>77,7</b>	74,6	.026	.470
c. T1053	Fólk er að fara til útlanda minnst tvívar á ári.	71,0	<b>74,4</b>	-.038	.295

Tafla 9.22: Jákvætt mat á setningum með vera að í endurtekningar- og vanamerkingu, flokkað eftir kyni.

Í dænumnum með veðursögninni *rigna* má aftur á móti sjá svolitla fylgni við kyn, eins og fram kemur í *töflu 9.23* og hún er tölfræðilega marktæk, einkum í fyrra dæminu. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart því að þar kom fram talsverður breytileiki eftir

aldri (sjá *töflu 9.15*). Sem fyrr eru það þá karlarnir sem hafa forystuna í þessum breytingum, ef marka má *töflu 9.23*.

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1030	Það er að rigna mest í október.	20,9	14,6	.094	.009
b. T1047	Það er ennþá að rigna.	50,1	43,5	.075	.037

*Tafla 9.23: Jákvaðt mat á setningum með vera að með veðurfarssögninni rigna, flokkað eftir kyni.*

Það eru því dómar um setningar með *vera að* og ástandssögnum og veðursögnum sem helst sýna marktækan breytileika eftir kyni og aldri, auk þess sem menntunarstig virtist geta skipt máli þegar ástandssagnirnar áttu í hlut. Við lítum svo í lokin á það hvort greina má einhvern landshlutabundinn mun í mati á setningum með *vera að* af því tagi sem hér eru til umræðu.

#### 9.3.3 Tengsl við búsetu

Hér er nóg að gefa yfirlit yfir dæmi með ástandssögnum annars vegar og veðursögninni *rigna* hins vegar, þar sem það var í þessum tegundum af dæmum sem mestur breytileiki kom fram og skýrastar vísbendingar um hugsanlegar breytingar. *Tafla 9.24* sýnir mat á dæmunum með ástandssögnunum, flokkað eftir landshlutum, þ.e.a.s. hvert hlutfall þeirra sem samþykka setningarnar er á hverjum stað. Hæsta gildið er feitletrað til glöggvunar og það er ekki alltaf tengt sama landshluta eins og sjá má:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Sud	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1007	Hann er bara að vera kjánalegur.	23,4	20,4	23,4	25,7	<b>29,9</b>	24,4	17,2	22,1
b. T1013	Honum er að leiðast alveg óskaplega í vinnunni.	12,6	5,6	<b>25,2</b>	12,4	12,8	17,1	18,6	18,4
c. T1017	Hann er vonandi að skilja þýskuna betur núna.	40,5	53,7	60,4	56,7	53,4	<b>66,3</b>	52,5	50,9
d. T1026	Hann er ekki einu sinni að skilja ensku.	25,5	<b>27,8</b>	25,2	21,2	24,8	18,1	25,4	26,1
e. T1035	Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.	41,4	48,1	<b>56,8</b>	45,2	44,8	50,0	48,3	41,1
f. T1037	Hann er ekki að kunna neitt í efnafraðinni.	11,7	14,8	17,3	<b>19,0</b>	9,7	19,3	12,1	16,8
g. T1045	Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.	7,2	7,4	7,2	9,5	5,3	4,8	<b>10,3</b>	4,4
h. T1065	Villi er samt að trúa á drauga.	11,7	16,7	13,5	18,9	14,2	19,3	11,9	<b>19,5</b>
i. T1084	Ert þú að kunna eitthvað i ensku?	5,4	<b>11,1</b>	9,9	6,7	3,0	7,2	5,2	5,3
j. T1089	Fólk var bara ekki að vilja fara heim.	22,9	<b>35,2</b>	27,0	29,2	14,9	28,4	22,4	21,2
k. T1105	Hann er samt enn að elskja hana.	7,3	11,1	5,4	7,5	6,8	<b>13,3</b>	10,2	6,1
l. T1108	Samt er hún að kunna ótrúlega góða íslensku.	5,6	7,4	9,0	10,4	7,5	9,6	<b>11,9</b>	6,1
m. T1116	Hún er ekki einu sinni að mega fara út á kvöldin.	7,3	11,3	13,6	<b>16,0</b>	6,7	15,9	6,8	8,0
n. T3017	Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni.	<b>12,4</b>	4,0	1,6	7,5	5,9	9,4	6,4	4,8
o. T3067	Hún er að leika ótrúlega vel á fiðlu.	29,6	<b>57,7</b>	37,6	42,1	46,7	42,6	44,9	46,8
p. T3106	Hann er að skilja íslensku ágætlega.	29,3	30,8	27,2	28,8	33,3	<b>34,0</b>	32,5	30,6

Tafla 9.24: Jákvætt mat á dænum með vera að og ástandssögnum, flokkað eftir landshlutum.

Hér kemur ekki fram skýr landshlutamunur. E.t.v. má þó sjá einhverjar vísbendingar úr því að Reykjavík og Norðurland eystra eru fjórum sinnum hvor landshlut með „lægsta skorið“ (þ.e. hlutfallstala þeirra sem samþykka setningarnar er fjórum sinnum lægst í hvorum þessara landshluta) en á Reykjanesi er hlutfallið fjórum sinnum hæst og á Norðvesturlandi þrisvar sinnum hæst.

Hér er líka hægt að skoða meðaleinkum fyrir valdar ástandssettingar líkt og áður, svo sem dæmi *b*, *d*, *f*, *g*, *h*, *i*, *k*, *l* (sjá umræðu í framhaldi af *töflu 9.6*), og athuga hvort einhverjir könnunarstaðir skera sig þar úr. Ef það er gert kemur í ljós líttill og óreglulegur munur á einstökum stöðum og lítið á honum að byggja.

Við getum svo endað þennan undirkafla með því að skoða hvort einhver augljós landfræðilegur munur er á mati þáttakenda á setningum með *vera að* og sögninni *rigna*. Yfirlitið er sýnt í *töflu 9.25*.

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1030	Það er að rigna mest í október.	16,2	13,2	19,1	18,1	16,5	21,7	21,4	17,0
b. T1047	Það er ennþá að rigna.	47,7	51,9	60,6	39,0	45,5	38,6	55,9	40,7

Tafla 9.25: Jákvætt mat á dæmum með vera að og veðursögninni rigna, flokkað eftir landshlutum.

Hér er ekkert sem vekur sérstaka athygli í fljótu bragði, þótt tölurnar sveiflist talsvert frá einum landshluta til annars.

#### 9.3.4 Samantekt

Í þessum undirkafla var litið á notkun *vera að* með nokkrum sagnaflokkum. Helstu niðurstöður eru á þessa leið:

- Orðasambandið *vera að* fær almennt dræmar undirtektir með ástandssögnum. Dæmi með *vera að* og *skilja* fá jafnbesta dóma (u.p.b. 25–55% samþykki) en aðrar ástandssagnir sem prófaðar voru ganga mun síður með *vera að* (tafla 9.7). Sum dæmin með *skilja* má e.t.v. túlka sem svo að þar merki sögnin ekki einfaldlega ástand heldur fremur breytingu, þ.e. ‘ná að skilja’ (*Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina*).
- Notkun *vera að* með breytingar- og hreyfingarsögnum á borð við átta sig á og ná fær yfirleitt jákvæða dóma (tafla 9.8), ekki síst dæmi með *bara* sem spiluð voru af diskí: *Peir eru bara ekki að átta sig á adalatriðunum* (tafla 9.9). Áhersla og tónfall getur því skipt máli í dæmum af þessu tagi. Athygli vekur afdráttarlaus höfnun á dæmunum *Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni* og *Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til en samsvarandi setningar væru eðlilegar í ensku*. Þetta bendir til að útvíkkun dvalarhorfs sé ekki einföld eftiröpun ensku.
- Mat á dæmum sem innihalda ástandssagnir er býsna breytilegt eftir aldri. Í yngstu aldurshópunum er næstum alltaf hærra hlutfall sem telur setningarnar eðlilegt mál (tafla 9.12, mynd 9.2). Tengslin við aldur eru miklu greinilegri en þegar íþróttamálið á í hlut og í flestum tilvikum er fylgnin mjög vel marktað. Vert er að vekja athygli á því að þótt yngsti hópurinn sé almennt jákvæðastur fer því fjarri að þáttakendur úr þeim hóp leggi allar setningar af þessu tagi að jöfnu. Eins og þáttakendur almennt telur yngsti hópurinn að dæmi með *leiðast*, *trúa á*, *búa*, *elska*, *standa*, *kunna* og *mega* séu síst. Almennt má segja að hin tiltölulega skýru tengsl við aldur bendi til þess að hér sé að verða breyting á.
- Með sögnum sem tákna breytingu, hreyfingu, endurtekningu og vana eru aftur á móti mun minni og óreglulegri tengsl við aldur (töflur 9.13 og 9.14).

- Nokkur tengsl eru á milli menntunar og mats á dæmum með ástandssögnum og *vera að* að teknu tilliti til aldurs (minni menntun = jákvæðara mat, *tafla 9.16*) en annars er engin skýr fylgni við menntun (*töflur 9.17, 9.18, 9.19*).
- Einnig kemur í ljós að karlar samþykkja heldur frekar dæmi með ástandssögnum og *vera að* en annars er kynjamunurinn lítill og fylgnin veik.
- Augljósri fylgni við búsetu er ekki til að dreifa (*töflur 9.24* og *9.25*).

#### 9.4 Um *vera búinn að* og *hafa*

##### 9.4.1 Almennt yfirlit

Eins og fram kemur í kafla 9.1 var ekki gerð ítarleg athugun á þessu viðfangsefni í yfirlitskönnumunum, enda hentar það frekar illa til skriflegra athugana af því tagi. Athugunin fólst aðeins í því að þátttakendur í Könnun 1 voru beðnir að meta eina setningu með *hafa* og aðra með *vera búinn að*, en að auki áttu þátttakendur í Könnun 3 að velja á milli setninga með þessum hjálparsagnasamböndum í tveim tilvikum. Heildaryfirlit yfir niðurstöðurnar í fyrri könnuninni er sýnt í *töflu 9.26* og þar sést að báðar setningagerðirnar þóttu eðlilegar í þessu samhengi (sjá (9.15)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1015	Það hafa vist margir krakkar lesið þær allar.	81,7	10,1	8,2	100	769
b. T1018	Núna er búið að snjóa í þrjá daga.	77,2	12,6	10,2	100	768

*Tafla 9.26: Mat á setningum með hafa annars vegar og vera búinn að hins vegar.*

Það kemur ekki á óvart að örlítið færri telji sambandið með *vera búinn að* eðlilegt mál hér þar sem það er stundum talmálslegra en samsvarandi samband með *hafa*. En setningarnar eru náttúrulega ekki alveg sambærilegar né heldur samhengið. Samhengið var hins vegar hið sama þegar velja átti á milli þessara tveggja setningagerða í Könnun 3. Niðurstöður úr því vali eru sýndar í *töflu 9.27*:

Númer	Setning	hafa	vera búinn	báðir kostir	=	N
a. TK3.6	Það hefur snjóað/er búið að snjóa í margan daga.	38,9	20,6	40,6	100	710
b. TK3.9	Hann hefur lika átt heima/er lika búinn að eiga heima í mörgum löndum	51,1	17,2	31,8	100	711

*Tafla 9.27: Val á milli kostar með hafa annars vegar og vera búinn að hins vegar.*

Í báðum tilvikum velja þátttakendur frekar *hafa* en *vera búinn að*, þótt mörgum þyki reyndar báðir kostir koma til greina, einkum í fyrra tilvakinu. Það gæti því verið forvitnilegt að skoða hvort hér er einhver kynslóðamunur, t.d. hvort *vera búinn að* kunni að vera að sækja á hjá yngri kynslóðunum. Svo við skulum skoða það næst.

##### 9.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

###### 9.4.2.1 Aldur

Í *töflu 9.28* er matið á dæmunum með *hafa* og *vera búinn að* í Könnun 1 flokkað eftir aldri. Þar kemur ekki fram nein marktæk fylgni við aldur:

Númer	Setning	9.b.	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1015	Það <b>hafa</b> víst margir krakkar lesið þær allar.	78,0	81,5	84,9	82,5	-.047	.189
b. T1018	Núna er búið að snjóa í þrjá daga.	71,9	83,8	83,2	69,5	.017	.643

Tafla 9.28: Jákvætt mat á setningum með hafa og vera búinn að, flokkað eftir aldri.

Það kemur væntanlega ekki á óvart að öllum aldurshópum þyki þetta eðlilegar setningar. Þó má nefna að *a*-setningin er reyndar svokölluð leppsetning (inniheldur leppinn *það*) með áhrifssögn og sú setningagerð er tiltölulega sjaldgæf og t.d. ótæk í ensku og norrænu meginlandsmálunum. Þess vegna er áhugavert að fá svona ítarlega staðfestingu á að sílikar setningar séu eðlileg íslenska. En það er kannski forvitnilegra að skoða hvort ólíkir aldurshópar völdu milli *hafa* og *vera búinn að* á sama hátt þar sem það stóð til boða. Það sést í *töflu 9.29*:

Númer	Setning	9.b.	20–25	40–45	65–70	kí-kvaðrat	p
a. TK3.6	Það hefur snjóað/er búið að snjóa í marga daga					86,12	.000
	1. hefur snjóað	42,5	27,1	32,7	<b>53,3</b>		
	2. er búið að snjóa	<b>35,0</b>	22,0	10,1	12,1		
	3. báðir kostir	22,5	50,8	<b>57,1</b>	34,5		
b. TK3.9	Hann hefur líka átt .../ er líka búinn að eiga ...					79,42	.000
	1. hefur ... átt	54,2	41,6	45,2	<b>63,4</b>		
	2. er ... búinn að eiga	<b>30,8</b>	15,7	8,9	10,4		
	3. báðir kostir	14,9	42,7	<b>45,8</b>	26,2		

Tafla 9.29: Val á milli hafa og vera búinn að, flokkað eftir aldri.

Hér kemur fram býsna reglulegt mynstur: Elsti hópurinn velur frekar *hafa* í báðum tilvikum, sá yngsti *vera búinn að* en miðhóparnir eru líklegrir til að segja að báðir kostir komi til greina. Vendigildið fyrir kí-kvaðrat er 16,81 miðað við  $p = 0,01$  og sex frelsisgráður (eins og hér eru) en hér eru gildin 86,12 og 79,42 þannig að þetta eru býsna skyrar niðurstöður og benda til þess að *vera búinn að* sé í sókn í þessu samhengi. Það væri vert að fylgjast með því áfram.

#### 9.4.2.2 Menntun

Þar sem breytileikinn kom einkum fram í vali á milli tveggja kosta er nóg að skoða hvort þar má finna einhver tengsl við menntun. Það sést á *töflu 9.30*, en þar er yngsta aldurshóp sleppt eins og áður:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	kí-kvaðrat	p
a. TK3.6	Það hefur snjóað/er búið að snjóa ...				1,26	.868
	1. hefur snjóað	35,2	34,1	<b>41,0</b>		
	2. er búið að snjóa	13,3	<b>14,5</b>	12,8		
	3. báðir kostir	<b>51,4</b>	<b>51,4</b>	46,2		
b. TK3.9	Hann hefur lika átt .../ er lika búinn að eiga ...				4,61	.695
	1. hefur ... átt	51,4	43,7	<b>53,8</b>		
	2. er ... búinn að eiga	<b>13,3</b>	11,6	7,7		
	3. báðir kostir	35,2	<b>44,7</b>	38,5		

Tafla 9.30: Val á milli hafa og vera búinn að, flokkað eftir menntun.

Hér er sáralitill munur á hópunum og ekki tölfraðilega marktækur (vendigildið fyrir fjórar frelsisgráður er 9,49 miðað við  $p = 0,05$ ).

#### 9.4.2.3 Kyn

Tafla 9.31 er hliðstæð við töflu 9.30 að öðru leyti en því að hér er flokkað eftir kyni þátttakenda og allir aldurshópar með:

Númer	Setning	kk	kvk	kí-kvaðrat	p
a. TK3.6	Það hefur snjóað/er búið að snjóa ...			10,74	.030
	1. hefur snjóað	<b>43,4</b>	34,7		
	2. er búið að snjóa	17,3	<b>23,4</b>		
	3. báðir kostir	39,3	<b>41,9</b>		
b. TK3.9	Hann hefur lika átt .../ er lika búinn að eiga ...			1,70	.791
	1. hefur ... átt	50,6	<b>51,4</b>		
	2. er ... búinn að eiga	<b>18,4</b>	16,0		
	3. báðir kostir	31,0	<b>32,6</b>		

Tafla 9.31: Val á milli hafa og vera búinn að, flokkað eftir kyni.

Af töflunni má sjá að karlarnir eru heldur liklegri en konurnar til að velja *hefur snjóað* en konurnar frekar *er búið að snjóa* og í því dæmi nær munurinn á kynjunum því að vera tölfraðilega marktækur miðað við  $p \leq 0,05$  (vendigildið fyrir fjórar frelsisgráður er 9,49 miðað við  $p = 0,05$ ). Þarna nota konurnar frekar þá gerð sem er í sókn (sbr. það sem sagði áður um tengsl við aldur). Í síðara dæminu er ekki marktækur munur á vali kynjanna en hann er frekar í hina áttina ef eitthvað er svo það er ekki vel ljóst hvernig á að túlka þetta.

#### 9.4.3 Tengsl við búsetu

Athugum loks hvort finna má einhvern landshlutabundinn mun á vali milli *vera búinn að* og *hafa*. Tafla 9.32 gefur yfirlit flokkað eftir landshlutum. Þar er vakin athygli á því

með feitletrun þegar munurinn á vali *hafa* og *vera búinn að* er meiri en 20 prósentustig:

Númer		Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
<b>a. TK3.6</b> <i>Það hefur snjóað/ er búið að snjóa ...</i>									
1. hefur snjóað <b>54,1</b> 32,0 28,8 36,1 38,5 <b>42,6</b> 39,7 40,3									
2. er búið að snjóa <b>18,4</b> 24,0 24,0 17,3 20,7 <b>20,4</b> 21,8 21,0									
3. báðir kostir 27,6 44,0 47,2 46,6 40,7 37,0 38,5 38,7									
Hann hefur lika átt									
<b>b. TK3.9</b> <i>.../er lika búinn að eiga ...</i>									
1. hefur ... átt <b>61,2</b> 61,5 50,4 48,5 43,3 55,6 <b>56,4</b> 43,5									
2. er ... búinn að eiga <b>17,3</b> 11,5 20,0 10,4 22,4 <b>16,7</b> 12,8 22,6									
3. báðir kostir 21,4 26,9 29,6 41,0 34,3 27,8 30,8 33,9									

Tafla 9.32: Val á milli hafa og vera búinn að, flokkað eftir landshlutum.

Taflan sýnir ekki mjög skýrar línum. Í öllum landshlutum er *hafa* tekið fram yfir *vera búinn að* í þessum dænum, sérstaklega í síðara dæminu, þar sem munurinn er alls staðar yfir 20 prósentustig. Í sumum landshlutum er aftur á móti lítill munur á vali *hafa* og *vera búinn að* í fyrra dæminu, einkum á Reykjanesi og Suðurlandi. Það mætti túlka svo að þar sé *vera búinn að* í meiri sókn en annars staðar. Reyknesingar taka þó *hafa* langt fram yfir *vera búinn að* í síðara dæminu svo það er ekki augljóst hvernig beri að túlka þetta.

#### 9.4.4 Samantekt

Í þessum kafla var sagt frá athugun á verkaskiptingu milli sagnasambandanna *hafa* + lh.pt. annars vegar og *vera búinn að* + nh. hins vegar. Niðurstöður má draga saman á þessa leið:

- Setningarnar sem þáttakendur áttu að meta með *hafa* og *vera búinn að* fengu jákvæða dóma í báðum tilvikum (tafla 9.26).
- Þegar velja átti á milli kosta í tvennis konar samhengi kom aftur á móti í ljós að fleiri völdu *hafa* en orðasambandið *vera búinn að* (tafla 9.27). Um fimmtingur taldi báða kosti koma til greina.
- Ekki kom fram marktæk fylgni við aldur í dæmunum sem átti að meta (tafla 9.28) en elsti aldurshópurinn valdi frekar *hafa* en sá yngsti *vera búinn að* (tafla 9.29). Fylgnin milli aldurs og vals á milli þessara kosta er ekki sterk en engu að síður mjög vel marktæk og bendir til þess að notkun *vera búinn að* sé í sókn.
- Þeir sem eru með háskólamenntun velja frekar *hafa* en þessi fylgni er hins vegar ekki tölfræðilega marktæk í heildina þegar tekið er tillit til aldurs.
- Í gögnunum er hvorki að sjá skýr tengsl kyns né búsetu við mat á þessum setningum eða val á milli mismunandi kosta.

## 9.5 Lokaorð

Í lokin má draga saman hvar skýrustu línumnar komu fram í þessum kafla (sjá einnig samantektir í undirköflum 9.2.4, 9.3.4 og 9.4.4).

- Dæmin með *vera að* í íþróttamáli fengu yfirleitt góða dóma ef hægt var að túlka þau þannig að vísað væri til afmarkaðs tímabils.
- Lítt munur kom fram á aldurshópum í mati á *vera að* í íþróttamáli og tengsl við menntun, kyn og búsetu voru lítil.
- Mestur breytileiki kom fram þegar athuguð voru dæmi með *vera að* og ástandssögnum. Sum dæmin fengu almennt neikvæða dóma, svo sem dæmi með *leiðast, trúa, búa, elska, standa, kunna* og *mega*. Í sumum tilvikum eru samsvarandi dæmi hins vegar eðlilegt mál í ensku.
- Mat á mörgum þessara dæma sýndi býsna skýr tengsl við aldur á þann veg að yngri kynslóðir voru jákvæðari gagnvart þessum dæmum.
- Í sumum tilvikum voru yngri hóparnir líklegri en þeir eldri til að velja *vera búinn að* þar sem boðið var upp á val á milli kosta. Það má túlka svo að notkunarsvið orðasambandsins *vera búinn að* sé að víkka. Þetta væri ástæða til að skoða nánar.

Sumt af þessu er rætt nánar í 18. kafla og ritum sem þar er vísað til.

### Rit sem vísað er til í þessum kafla

Alexander Andrason. 2008. The BÚNA-Construction in Pidgin Icelandic. *Íslenskt mál* 30:121–140.

Baldur Sigurðsson. 2003. Horfið um Jónas. *Fáfnis hjarta við funa steikir*. Sigurður Konráðsson fimmstugur, bls. 33–35. Reykjavík.

Brennu-Njáls saga. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslenzk fornrit XII. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

Gunnar Gunnarsson. 2010. *Ástandssagnir í framvinduhorfi*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Helgi Skúli Kjartansson. 2008. Sagnasambönd í þjónustu talmálstilbrigða. *Ritið* 3/2008:53–64.

Hreinn Benediktsson. 2002. Icelandic *vera að* + Infinitive: Age and Origin. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottosson (ritstj.): *Linguistic Studies, Historical and Comparative* by Hreinn Benediktsson, bls. 449–469. [Greinin birtist upphaflega á íslensku í afmælisriti Gösta Holm, *Nordiska studier i filologi och lingvistik*, Lund, 1976.] Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1999. Hvað eru margar tíðir í íslensku og hvernig vitum við það? *Íslenskt mál* 21:181–224.

Höskuldur Þráinsson. 2001. Um nafngiftir hjálparsagnasambanda. *Íslenskt mál* 23:229–252.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhoffundur Höskuldur Þráinsson. Meðhofundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35:57–127.

- Ingibjörg Frímannsdóttir. 2005. Horfur á horfi. *Hrafnabing* 2:28–52.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1992. The Two Perfects of Icelandic. *Íslenskt mál* 14:129–145.
- Jón G. Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2003–2008. Íslenskt mál. Þættir í *Morgunblaðinu*. Aðgengilegir á <http://málfræði.is>. [Sjá t.d. 6. þátt, 12. júlí 2003.]
- Jón Axel Harðarson. 2000. Horf i íslenzku. *Íslenskt mál* 22:129–144.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. 2011. *Aspects of the Progressive in English and Icelandic*. Doktorsritgerð, University of British Columbia, Vancouver. [Ritgerðin er aðgengileg á slóðinni <http://skemman.is/en/item/view/1946/13307>.]
- Larsson, Ida. 2008. Becoming Perfect: Observations on Icelandic *vera búinn að*. *Íslenskt mál* 30:53–92.
- Ljósvertninga saga*. 1940. Reykdæla saga ok Víga-Skútu. Björn Sigfusson gaf út. Íslenzk fornrit X. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Mörður Árnason. 1977. *Búinn er nú að stríða*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Theódóra Anna Torfadóttir. 2004. *Verlaufsformen. Isländisch, rheinisches Deutsch, Englisch*. Magistersritgerð, Humboldt Háskóla, Berlín.
- Van Valin, Robert. 1991. Another Look at Icelandic Case Marking and Grammatical Relations. *Natural Language and Linguistic Theory* 9:145–194.
- Þórey Selma Sverrisdóttir. 2001. „Alltof fáir voru að leika eins og þeir geta best.“ Rannsókn á notkun hjálparsagnasambandsins *vera að + nafnháttur* í íþróttafréttum. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

## SUMMARY

This chapter reports on the survey of two auxiliary constructions. One is the use of *vera að + infinitive*, which corresponds roughly to the English progressive *be + -ing*. It had been pointed out that the use of this construction seemed to be on the increase on two fronts, namely in discussions of performance in sports (e.g. *Við vorum ekki að spila vel* ‘We were not playing well’) and with stative verbs in certain contexts (e.g. *Ég er ekki að skilja þetta lit.* ‘I am not understanding this’). Since this development makes the use of Icelandic *vera að + infinitive* more similar to that of the English progressive (see e.g. the discussion by Kristín M. Jóhannsdóttir 2011), it had been claimed that this was a case of English influence. — The other type of auxiliary constructions briefly considered in this survey is that of the choice between the two perfects of Icelandic, namely the traditional *hafa + past participle* on the one hand and the more recently introduced *vera búinn að + infinitive* (see e.g. Jóhannes Gísli Jónsson 1992).

It turned out that the use of the so-called *sports progressive* is quite widespread and commonly accepted by all generations (tables 9.2 and 9.3, figure 9.1). This was especially true when the meaning of the construction implied some temporal restriction (e.g. *Þær voru að spila vel allan timann* ‘They were playing well the whole time’, e.g. the whole game or some such). No clear correlation was found between judgments of this construction and social variables like age, education, gender, geographical area.

Much more variation was observed in the extension of the progressive *vera að* to different classes of verbs, including stative ones. Whereas it has standardly been assumed that the Icelandic progressive is incompatible with stativity, as its counterpart typically is in English (to some extent, at least, cf. e.g. the discussion in Van Valin 1991), it had seemed that some speakers were using *vera að* with certain verbs that

would seem to have a stative meaning. In the survey it turned out that many of the examples with truly stative verbs were typically rejected (e.g. verbs like *leiðast* ‘be bored’, *trúa á* ‘believe in’, *búa* ‘live’, *elska* ‘love’, *standa* ‘stand’, *kunna* ‘know’, etc., cf. *table 9.7*). Others were more generally accepted, especially when the examples could be interpreted as actually implying an achievement (or lack of it) rather than stativity (e.g. *Ég er ekki að skilja þetta* lit. “I am not understanding this” meaning rather ‘I’m not getting this’). In some instances a particular intonation appeared to facilitate this understanding (*table 9.9*). The younger generations were much more likely to accept this extension of the use of progressive *vera að* (cf. *table 9.12, figure 9.2*). There was also some evidence that the less educated participants were more likely to accept examples of this sort (*table 9.16*) and men more likely than women (*table 9.20*). No clear correlations with other social variables were found.

Finally, although all speakers use and accept both perfects, there is some indication that the younger speakers are more likely than the older ones to select *vera búinn að* over *hafa* in certain contexts (*table 9.20*).